



Hug- og félagsvísindasvið

Félagsvísindi

2014

*„Held líka bara að pillan sé farin að svona yfirstíga  
smokkinn aðeins meira sko“*

Rannsókn á viðhorfum og þekkingu íslenskra ungmenna á notkun smokksins  
sem kynsjúkdóma- og getnaðarvarnar

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir

Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið



Hug- og félagsvísindasvið

Félagsvísindi

2014

*„Held líka bara að pillan sé farin að svona yfirstíga smokkinn aðeins meira sko“*

Rannsókn á viðhorfum og þekkingu íslenskra ungmenna á notkun smokksins sem kynsjúkdóma- og getnaðarvarnar

Nemandi:

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir

Leiðbeinandi:

Andrea Hjálmsdóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs

Ég lýsi því hér yfir að ég er ein höfundur þessa verkefnis og það er afrakstur  
eigin rannsókna

---

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi  
kröfum til B.A.- prófs við Hug- og félagsvísindasvið

---

Andrea Hjálmsdóttir

## Útdráttur

Rannsóknir benda til þess að tíðni smokkanotkunar meðal íslenskra ungmenna hafi verið ábótavant í gegnum tíðina. Íslenskur hluti hinnar alþjóðlegu rannsóknar Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) gefur til kynna að íslensk ungmenni veigri sér fremur við notkun smokksins en ungmenni í öðrum Evrópulöndum. Árið 2010 voru íslensk ungmenni í næstneðsta sæti á lista yfir evrópsk ungmenni sem notuðu smokk við síðustu samfarir. Hér á landi virðist sem þeim ungmennum sem kjósa að nota smokkinn sem getnaðar- og kynsjúkdómavörn fari fækkandi á milli ára á meðan traust til getnaðarvarnarpillunnar hefur aukist, þrátt fyrir að hún veiti enga vörn gegn kynsjúkdómum. Á undanförunum árum hefur klamydíutilfellum meðal 15–19 ára ungmenna fjölgað á meðan dregið hefur úr ótímabærum þungunum unglingsstúlkna. Er það í samræmi við niðurstöður rannsókna þess efnis að íslensk ungmenni virðast frekar kjósa að nota varnir sem koma í veg fyrir getnað en ekki kynsjúkdóma. Í þessari rannsókn verður farið yfir sögu smokksins og tilkomu hans á Íslandi, ásamt því sem lögð verður áhersla á að öðlast skilning á því hvers vegna svo mörg íslensk ungmenni velja að nota ekki smokk sem vörn. Unnið var upp úr gagnasöfnum HBSC rannsóknarinnar frá árunum 2006 og 2010. Einnig voru tekin þrjú viðtöl við kynjaskipta hópa ungmenna á aldrinum 18–22 ára til að dýpka skilning á þekkingu þeirra og viðhorfum til kynsjúkdóma og notkunar á getnaðar- og kynsjúkdómavörnum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að smokkanotkun meðal ungmenna á aldrinum 18–22 ára sé verulega ábótavant. Ótti við kynsjúkdóma virðist ekki vera til staðar, sem bendir enn fremur til skorts á þekkingu ungmenna á þeim afleiðingum sem slíkir sjúkdómar geta haft í för með sér. Það kom fram hjá báðum kynjum að þau töldu smokkinn draga úr kynlífsánægju en þó kom skýrt fram að stelpur upplifa sig undir þrýstingi frá strákum um að sleppa notkun smokksins í kynlífi.

## **Abstract**

Studies indicate a lack of condom use among Icelandic youth. According to the Icelandic results of the international study on Health Behaviour in School-Aged Children (HBSC), Icelandic youth are less inclined to use condoms than their European counterparts. In 2010, Icelandic youth ranked next to last of all European youth attesting to having used a condom during their most recent sexual encounter. The rate of condom use by Icelandic youth as a form of contraception and protection against sexually transmitted diseases (STDs) has declined whereas the trust of oral contraception has increased, despite the latter not providing protection against STDs. The reported number of Chlamydia cases among 15-19 year olds has risen in recent years whilst the rate of teenage pregnancy has declined. This is consistent with findings that show the preference of Icelandic youth for contraceptives as a form of birth control rather than prevention against sexually transmitted diseases. The current study gives an historical review of the condom and its emergence in Iceland, whilst attempting to gain insight into the high prevalence of Icelandic youth choosing not to use condoms as a preventive. Data were compiled from the 2006 and 2010 HBSC databases. Also, three interviews were conducted with sex-segregated groups of young people aged 18-22 years, to gain a general understanding of their knowledge and attitudes toward sexually transmitted diseases, use of contraceptives and STD prevention. The findings of the current study indicate that condom use is particularly lacking among 18-22 year olds. Their absence of fear towards sexually transmitted diseases points to a lack of knowledge regarding the consequences such diseases can entail. Both sexes believed condoms reduced sexual pleasure, although it was evident that young women thought themselves pressured by males into forgoing the use of a condom during sexual intercourse.

## **Þakkarorð**

Ég vil fyrst og fremst þakka börnunum mínum, Amelíu Rún Pétursdóttur og Gabríel Ómari Logasyni fyrir ómælda þolinmæði í gegnum háskólanám mitt. Eiginmanni mínum, Haraldi Loga Hringssyni vil ég þakka sérstaklega fyrir stuðninginn í gegnum árin og fyrir að hafa óendanlega mikla trú á mér í öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum, Guðrúnu Snorradóttur og Halldóri Reimarssyni og tengdaforeldrum mínum, Sigríði Helgadóttur og Hring Hreinssyni fyrir alla þá aðstoð sem þau hafa veitt mér og börnum mínum sl. 4 ár. Þið öll gerðuð draum minn um að útskrifast úr háskóla að veruleika.

Að lokum fá þátttakendur í þessari rannsókn sérstakar þakkir, án þeirra hefði hún ekki orðið að veruleika.

„Everyone buys porn. The common denominator is sex, even if they have nothing else in common. Of the few things they all look for is: No condoms. It destroys the fantasy they say. They watch porn to do all the things they can't do in their own sex life. There are few things you can count on in life: death, taxes, and condoms taking away from the sensations of sex“ (Jane Blow Sexpert munnleg heimild, e.d. 2012).

## Efnisyfirlit

1 Inngangur .....	2
1.1 Aðdragandi rannsóknar .....	2
1.2 Saga smokksins .....	3
1.3 Saga smokksins á Íslandi.....	4
1.4 Úr felum í opinbera herferð.....	7
1.5 Fyrri rannsóknir .....	9
1.6 Tilfelli klamydíu.....	13
1.7 Brynja gegn ánægju – köngulóarvefur gegn hættu .....	15
2 Aðferðafræði .....	16
2.1 Rannsóknarspurning og aðferðafræði .....	16
2.2 Framkvæmd rannsóknar .....	17
2.3 Vankantar rannsóknar .....	19
3 Niðurstöður.....	20
3.1 Smokkurinn, af hverju ekki? .....	20
3.2 Pillan og kynsjúkdómar.....	24
3.3 Kynfræðsla .....	27
4 Samantekt.....	30
5 Umræður.....	31
Heimildaskrá .....	37

## Myndaskrá

Mynd 1: Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2006 og 2010 sem höfðu haft samfarir.....	11
Mynd 2 : Notkun getnaðarvarna við síðustu samfarir meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006 og 2010.....	12
Mynd 3 : Fjöldi greindra klamydíutilfella 1997–2011 eftir aldri og kyn.....	14



## 1 Inngangur

### 1.1 Aðdragandi rannsókna

Árið 2006 birtust fyrstu íslensku niðurstöðurnar úr hinni alþjóðlegu rannsókn Heilsa og líf skjör skólanema. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að um 20% íslenskra ungmenna í 10. bekk árið 2006 notuðu engar getnaðarvarnir eða treystu á rofnar samfarir síðast þegar þau stunduðu kynlíf og voru þær tölur nokkuð hærri en hjá jafnöldrum þeirra í öðrum Evrópulöndum (Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006). Rannsóknin var endurtekin árið 2010 og voru niðurstöður hennar þá í samræmi við fyrri niðurstöður. Lítil breyting varð á smokkanotkun meðal íslenskra ungmenna á þessu fjögurra ára tímabili. Þegar litið var til meðaltals þeirra ungmenna í Evrópu sem notuðu smokk við síðustu samfarir var Ísland í næstneðsta sætinu (Currie, Zanotti, Morgan, Currie, Looze, Roberts, Samdal, Smith og Barnekow, 2012), sem er vissulega dapurleg niðurstaða. Á sama tíma fjölgaði greindum tilfellum klamydíu (Velferðarráðuneytið, 2011) og alnæmis hér á landi (Embætti landlæknis, 2012a) og var aukningin svo mikil að aldrei áður höfðu greind tilfelli verið jafn mörg og árin 2009 og 2010. Í kjölfarið urðu töluverðar umræður í íslensku samfélagi um mögulegar ástæður þess að slíkur fjöldi íslenskra ungmenna skyldi velja að nota ekki smokk sem getnaðar- og kynsjúkdómavörn. Fjallað var um of litla kynfræðslu í skólum landsins (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009) og hátt verð á smokkum, og þeirri hugmynd varpað fram að ungmennum þætti notkun smokka hreinlega ekki nógu „töff“ („Smokkar of dýrir“, 2012).

Rannsakandi hefur unnið við Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri síðastliðið ár og haft brennandi áhuga á málefnum íslenskra ungmenna í gegnum tíðina. Niðurstöður um smokkanotkun þeirra úr fyrrgreindri alþjóðlegri rannsókn, Heilsa og líf skjör skólanema, vöktu áhuga rannsakanda sem telur að í opinberum umræðum um málið hafi skoðanir ungmenna ekki fengið næga athygli, hvorki almenna né fræðilega. Til eru íslenskar rannsóknir um þekkingu ungmenna á kynsjúkdómum, viðhorfum þeirra til kynfræðslu og þátttöku þeirra í kynlífi, og meginlegar rannsóknir um notkun þeirra á getnaðar- og kynsjúkdómavörnum. Fáar rannsóknir, ef nokkrar, hafa hins vegar verið gerðar um viðhorf og skoðanir ungmennanna sjálfra á notkun smokksins sem varnar gegn getnaði og kynsjúkdómum og þykir rannsakanda nauðsynlegt að raddir íslenskra ungmenna fái að heyrast í jafn mikilvægum málaflokki og þessum. Í þessari rannsókn er því lögð sérstök áhersla á að öðlast dýpri skilning á því hvers vegna íslensk ungmenni

velja að nota ekki smokk í meiri mæli en rannsóknir benda til. Ásamt því eru markmið þessarar rannsóknar ekki síður að veita innsýn í og auka þekkingu á viðhorfum og félagslegum aðstæðum íslenskra ungmenna hvað kynlífshegðun þeirra snertir og draga upp sögulega mynd af notkun og sölu smokksins í gegnum tíðina á Íslandi.

## 1.2 Saga smokksins

Rekja má sögu smokksins langt aftur um aldir, en í bókinni *De Morbo Gallico* (Ronaldo og Valdiserri, 1988) eftir ítalska líffærafræðinginn Gabriello Fallopio, sem var gefin út árið 1564 (Youssef, 1993), má finna elstu rituðu lýsinguna á lögun smokksins sem hjálpartækis til að verjast kynsjúkdómum. Þar segir Fallopio frá hönnun sinni á fíngerðu slíðri úr lérefti sem setja átti á getnaðarlim karlmannna sem vörn gegn sárásótt. Að eigin sögn hafði hann hafði fengið 1100 karlmenn til þess að prófa slíðrið og enginn þeirra hafði smitast af sjúkdómnum (Ronaldo og Valdiserri, 1988). Þrátt fyrir að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem slíðrinu var lýst á þann hátt er svipar til nútímalegra smokka er talið að notkun álíka slíðurs megi rekja aftur til Forn-Egypta. Forn-egyptskt myndletur frá 1350–1200 fyrir Krist gefur vísbendingu um að karlmenn hafi verið farnir að nota slíður yfir stinnan getnaðarlim sinn löngu fyrir tíma Fallopio. Tilgangur slíðursins er óljós en almennt er talið að notkun þess hafi ekki verið til að draga úr barneignum eða koma í veg fyrir kynsjúkdóma heldur hafi því verið ætlað að verja karlmenn gegn skordýrabitum og/eða hitabeltissjúkdómum (Robertson, 1990). Flest bendir því til þess að smokkar hafi upphaflega orðið til og þróast samhliða því sem reynt var að draga úr líkum þess að fólk smitaðist af hinum ýmsu sjúkdómum, en getnaðarvarnarhlutverk þeirra hafi komið síðar (Youssef, 1993).

Að fyrirmynd Fallopio var síðar farið að útbúa smokka úr innyflum dýra. Leifar slíkra smokka hafa fundist á Englandi og benda rannsóknir til þess að rekja megi uppruna þeirra aftur til byrjunar 17. aldar (Choi, 2005). Álíka smokkar eru enn framleiddir og seldir víða um heim þó ætla megi að vinsældir þeirra hafi farið dvínandi eftir því sem smokkaframleiðsla þróaðist og breyttist með árunum. Samkvæmt rafrænu smokkasölusíðunni Condomjungle eru smokkar unnir úr dýraafurðum kallaðir *náttúrulegir smokkar* eða *lambaskinnssmokkar* í daglegu tali og eru þeir enn nokkuð vinsælir, ekki síst á meðal einstaklinga með latex-ofnæmi. Á heimasíðunni er tekið sérstaklega fram að slíkir smokkar geti reynst vel til að koma í veg fyrir getnað en þeir veiti ekki vörn gegn kynsjúkdómum (Condomjungle, e.d). Niðurstöður rannsóknar á

vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, gefur til að kynna að *náttúrulegir smokkar* séu allt að helmingi líklegri en aðrir smokkar til þess að rifna eða renna af getnaðarlimnum á meðan samfarir eiga sér stað eða þegar getnaðarlimur er dreginn út eftir að samförum er lokið. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að sumar tegundir *náttúrulegra smokka* reynist ekki jafn góð vörn gegn þungunum og latex-smokkar (Festin, 2013). Færri rannsóknir hafa verið gerðar á virkni *náttúrulegra smokka* sem varnar gegn kynsjúkdómum, en samkvæmt heimasíðu Matvæla- og lyfjaeftirlits Bandaríkjanna hafa prófanir sýnt fram á að smokkar unnir úr latex geta komið í veg fyrir smit kynsjúkdóma á meðan *náttúrulegir smokkar* hafa ekki reynst jafn vel á því sviði (U.S. Food and Drug Administration, 2010).

Sagnfræðilegar heimildir gefa vísbendingar um að notkun smokka hafi þótt sjálfsögð víða um heim á síðari hluta 18. aldar. Til að mynda eru sannanir fyrir því að á þeim tíma hafi átt sér stað hörð samkeppni í smokkasölu meðal tveggja sölumanna á götum Lundúnaborgar (Robertson, 1990). Það var svo um miðja 19. öld sem Hancock og Goodyear fundu upp aðferð við að hita og fjöldaframleiða gúmmí sem leiddi til framleiðslu gúmmísmokka (Youssef, 1993). Eftir það urðu breytingar á smokkum miklar. Við byrjun 20. aldar komu á markað fyrstu smokkarnir sem gátu haldið sáðláti. Latex-smokkar voru kynntir til sögunnar í kringum 1930, plastsmokkar komu á markað í kringum síðari heimsstyrjöld og fyrstu litasmokkarnir komu á markað 1949. Síðan þá hefur vöruúrvalið í formi ólíkra lita og áferða orðið æ fjölbreyttara. Gæði smokka hafa aukist með árunum og þrátt fyrir að ekki sé hægt að halda því fram að þeir veiti 100% vörn (Youssef, 1993) gegn getnaði eða kynsjúkdómum þykja þeir besta vörnin sem völ er á og þeir eru jafnframt sú eina sem er hvort í senn vörn gegn getnaði og kynsjúkdómum (Embætti landlæknis, 2012b; Youssef, 1993).

### 1.3 Saga smokksins á Íslandi

Verulegur skortur virðist vera á sagnfræðilegum heimildum á Íslandi um hvort notkun smokka í einhverju formi hafi átt sér stað fyrir tíð fjöldaframleiddra gúmmísmokka. Eðlilegt er þó að ætla að Íslendingar hafi reynt að bjarga sér með ýmsum húsráðum líkt og tíðkaðist erlendis fyrr á öldum, t.d. með smokkum úr innnyflum dýra (Choi, 2005), en fyrir því hafa ekki fundist heimildir fyrir þetta rit. Eiríkur Valdimarsson, þjóðfræðingur og kennari við Háskóla Íslands, hefur unnið að rannsókn um kynlíf í gamla íslenska bændasamfélaginu. Snemma árs 2013 kynnti Eiríkur fyrstu niðurstöður rannsóknar sinnar

í fyrirlestri undir heitinu „Gamla (berháttaða) bændasamfélagið: af þrjúnuðum smökkum, hrafseistum og öðrum kynlífstengdum munum fyrri alda“. Þar segir Eiríkur frá því að til sé heimild frá 16. öld um íslensk hjón sem hafi notað handþrjónaða smokka til að reyna að koma í veg fyrir getnað. Þeir smokkar munu ekki hafa skilað tilætluðum árangri en þetta er að öllum líkindum elsta ritaða heimildin um notkun smokka sem varnar á Íslandi (Kristín Björk Jónsdóttir, 2013).

Árið 1920 gaf Guðmundur Hannesson út bókina *Samræðissjúkdómar og varnir gegn þeim: leiðbeiningar fyrir alþýðu, einkum farmenn*, að tilhlutan stjórnarráðs heilbrigðisstjórnar Íslands, en tilgangur ritsins var að reyna að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi. Í bókinni tiltekur Guðmundur þau mögulegu ráð sem einstaklingar geti tileinkað sér til að reyna að koma í veg fyrir að smitast af slíkum sjúkdómum. Helstu ráðin voru fólgin í því að hafa almennt ekki afskipti af óþekktu fólki, og á hann þar sérstaklega við samræði og kossafLens. Ásamt því þótti áfengi hið mesta bölg sem best væri að láta eiga sig, enda drægi það úr heilbrigðri skynsemi sem gæti leitt fólk til allskyns kynlífssamskipta sem annars hefðu ekki orðið. Einnig var fjallað um mikilvægi þess að hreinsa vel á sér kynfærin hefði einstaklingur minnsta grun um að hann gæti hafa smitast af samræðissjúkdómi. Að lokum var minnst á notkun smokka:

Ef kostur væri á að afstýra því, að sóttnæmi gæti borist af hörundi á hörund við samræði, þá væri það auðvitað full vörn, bæði fyrir karl og konu. Í þessu skynu eru gerðir næfurþunnir gummismokkar eða posar, sem dregnir eru yfir liminn á undan samræði. Þeir eru að vísu ágæt vörn, en það er svo með hana sem flestar aðrar, að ekkert er fulltrygt. Hjer er að tala um næfurþunna hinmu, sem getur rifnað og þá er vörnin búin! Eigi síður er miklu minni hætta á að smitast ef þesi varúð er notuð, heldur er engin, og mikill kostur, að hún kemur ekki að eins karlmanninum að gangi, heldur líka konunni. Þessar verjur þola ekki langa geymslu, verða þá stökkar og ónýtar (Guðmundur Hannesson, 1920, bls. 56).

Af þessum orðum má draga þá ályktun að fregnir af þróun og framleiðslu Hancock og Goodyear á gummismökkum um miðja 19. öld (Youssef, 1993) hafi verið farnar að berast til Íslands við byrjun 20. aldar. Guðmundur nefnir í bók sinni að einkum sjómönnum hafi stafað hætta af smiti vegna heimsókna þeirra til erlendra hafnarborga. Hann tekur því sérstaklega fram að enginn sjómaður ætti að fá að fara á land í erlendum hafnarborgum nema hafandi meðferðis „nauðsynleg tæki til þess að geta gætt skynsamlegrar varúðar“, (bls. 57) og að slík tæki skuli vera til staðar á hverju skipi (Guðmundur Hannesson, 1920).

Hvaða tæki Guðmundur á nákvæmlega við eða hvort smokkar hafi verið hluti af þeim staðalbúnaði er ekki alveg ljóst.

Árið 1923 voru sett fyrstu lögín hér á landi um varnir gegn kynsjúkdómum. Markmið þeirra var að halda útbreiðslu kynsjúkdóma í skefjum með lagasetningu um hlutverk heilbrigðisyfirvalda, lækna, sýktra og mögulega sýktra einstaklinga. Samkvæmt lögnum var eitt af hlutverkum lækna að veita sýktum einstaklingum fyrirmæli um meðferð sjúkdómsins og hvaða varúðarráðstöfunum þeir skyldu beita til að smita ekki aðra. Ásamt því fengu sjúklingar útprentaðar leiðbeiningar frá heilbrigðisstjórninni. Í lögnum er hvergi minnst á nokkrar varnir sem smitaðir einstaklingar gætu notað við kynmök, en tekið er fram að sýktum einstaklingum sé meinað að gifta sig (Lög um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 16/1923). Gefur það ákveðna vísbendingu um að gengið hafi verið út frá því að sýktir einstaklingar skyldu ekki stunda kynlíf þar til þeir væru fulllæknaðir. Breytingar á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum áttu sér stað í lögum nr. 91/1932, lögum nr. 16/1978 og með nýjum sóttvarnalögum nr. 19/1997. Í þeim er aldrei tekið fram hvaða varnir gætu reynst vel til að koma í veg fyrir smit. Í lögum nr. 38/1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi er tekið fram að óski kona sem stafi hætta af því að ganga með barn eftir leiðbeiningum frá lækni um hvernig hún geti komið í veg fyrir að verða barnshafandi sé honum skylt að veita henni þær leiðbeiningar. Ekkert kemur þó fram um hvað fólst nákvæmlega í þeim leiðbeiningum, þ.e. hvort um fræðslu um getnaðarvarnir hafi verið að ræða og þá hvaða. Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir voru sett á eftir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd árið 1970 til að skoða m.a. fyrrnefnd lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ráðgjöf og leiðbeiningar um kynlíf ættu að fá aukið rými í nýrri löggjöf. Í lögum nr. 25/1975 er tekið fram að fræðsla og ráðgjöf um getnaðarvarnir skuli veitt af ráðgjafabjónustu sem hafi til að bera alla helstu starfsaðila heilbrigðisstéttar og að allar viðurkenndar getnaðarvarnir skuli fást hjá slíkri ráðgjafabjónustu. Enn og aftur er þó alveg óljóst hvaða getnaðarvarnir er átt við.

Þrátt fyrir að sífellt sé fjallað um hinar ýmsu varnir í lögum eru sagnfræðilegar upplýsingar fyrir þann tíma ekki aðgengilegar til að gefa skýrari mynd af því um hvaða varnir hafi verið að ræða. Ofangreind samantekt laga er leið til að leita svara við því hvort að smokkar í einhverju formi hafi verið notaðir hér á landi fyrir miðja 20. öld, sem vörn gegn ýmist kynsjúkdómum eða getnaði. Afar ólíklegt þykir að læknar hafi vísað á

handprjónaða smokka líkt og tíðkuðust að einhverju leyti á 16. öld (Kristín Björk Jónsdóttir, 2013). Mögulegt gæti verið að nálgast útgefnar leiðbeiningar heilbrigðisstjórnarinnar 1923 og leiðbeiningar lækna til kvenna 1935 með von um skýrari svör, en þær upplýsingar er ekki auðvelt að nálgast og vinnan við öflun slíkra gagna er of umfangsmikil fyrir þetta rit. Hið sama á við um upplýsingar um hvenær gúmmísmokkar bárust til Íslands og hvenær þeir hafi farið í almenna sölu hér á landi. Haft var samband við Landlæknisembættið, fyrrum landlækna og yfirlækni sóttvarna, Lyfjafræðingafélagið, Læknafélag Íslands, lyfjafræðinga sem hafa starfað í apótekum Reykjavíkur í tugi ára og ritara sögu Lyfjafræðingafélags Íslands. Ljóst varð að upplýsingar um hvenær gúmmísmokkar tóku að berast til landsins og um upphaf sölu þeirra á Íslandi er erfitt, jafnvel ómögulegt, að finna.

Vitað er að dreifing og notkun gúmmísmokka víðsvegar um heiminn hófst að verulegu marki í kringum síðari heimsstyrjöld þegar hermenn voru látnir hafa þá meðferðis til að koma í veg fyrir útbreiðslu kynsjúkdóma þeirra á meðal (Ronaldo og Valdiserri, 1988). Það er því ekki ólíklegt að þeir hafi orðið þekktir meðal Íslendinga í kringum síðari heimsstyrjöld með komu hermanna til landsins. Lyfjafræðingur sem vill ekki láta nafn síns getið en vann í Reykjavíkrapóteki alla sína fullorðinstíð man glögglega eftir atviki árið 1953 þar sem þekktur einstaklingur kom í apótekið og óskaði eftir smokkum sem honum hafði reynt erfitt að finna. Þá voru smokkar komnir í sölu í íslenskum apótekum en þeir voru hins vegar vel faldir ofan í skúffu (Munnleg heimild, 18. apríl 2014). Gefur þetta vísbendingar um að notkun smokka hafi þótt feimnismál og að umræðan um þá sem kynsjúkdóma- og getnaðarvörn hafi ekki verið opinská eða þótt sjálfsögð um miðbik 20. aldar. Í raun var það ekki fyrr en Landlæknisembættið fór í smokkaherferð árið 1986 sem umræðan fór að þykja sjálfsagðari (Guðlaugur Bergmundsson, 1987).

#### **1.4 Úr felum í opinbera herferð**

Árið 1986 fór Landlæknisembættið af stað með fræðsluherferð undir nafninu, „Verjumst eyðni – notum smokkinn“ („Mesti óvinur mannkyns“, 1986). Ári áður hafði fyrsta tilfelli alnæmis verið greint á Íslandi en upphaf sjúkdómsins má rekja til Bandaríkjanna árið 1981. Fljótlega varð ljóst að útbreiðsla sjúkdómsins var hröð um heim allan og að lífslíkur sýktra voru litlar, og lækna stóðu ráðþrota gegn veirusýkingu sem stefndi í að verða alheimsfaraldur (Haraldur Briem, Sigurður B. Þorsteinsson, Sigurður

Guðmundsson, Kristján Erlendsson og Arthur Löve, 1996). Heilbrigðisyfirvöld komust að því að veiruna mætti finna í líkamsvessum sýktra einstaklinga, svo sem, blóði, sæði, munnvatni og brjóstamjólk, og sendu frá sér fræðslubæklinginn „Alnæmi, spurningar og svör“ sumarið 1985 sem var ætlað að fræða almenning um viðkomandi þætti. Sérstök áhersla var lögð á smithættu þegar blóðblöndun ætti sér stað en jafnframt var varað við mögulegu smiti frá sæðisvökva. Dagleg umgengni, líkt og snerting og hósti, þótti þó hættulaus. Blóðgjafir og óvarið kynlíf var því talið vega þyngst í mögulegum smitleiðum (Varnir gegn alnæmi, 1985). Í kjölfarið var lagt fram frumvarp um breytingar á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum, þar sem óskað var eftir að sett yrði lagaákvæði um alnæmi svo unnt væri að bregðast við sjúkdómnum líkt og öðrum kynsjúkdómum. Frumvarpið varð að lögum í mars 1986 og því lagalega opinbert á Íslandi að alnæmiveiran AIDS væri kynsjúkdómur og að bregðast skyldi við honum sem slíkum. Þar með var heimilt að leita að sýktum einstaklingum, veita þeim meðferð og ráðleggingar og reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að þeir smituðu aðra. Skimun á gjafablóði Blóðbankans eftir eyðniveirunni hófst formlega um áramótin 1986 (Ólafur Jensson, 1994), en um svipað leyti sendi Landlæknisembættið öllum 15–24 ára ungmennum á Íslandi áður nefndan fræðslubækling, „Verjumst eyðni – notum smokkinn“, til að reyna að sporna gegn enn frekari útbreiðslu alnæmis. Í kjölfar bæklingins fylgdu sjónvarpsauglýsingar, veggspjöld, fleiri fræðslubæklingar og útgáfa á laginu „Vopn þín og verjur“. Ljóst var að „Smokkaherferðin mikla“ var hafin (Sveinn Guðjónsson, 1989).

Töluvert var deilt um ágæti smokkaherferðarinnar. Sumir vildu meina að í kjölfar hennar hefði smokkanotkun og kynlífshegðun, sérstaklega ungs fólks, breyst verulega til hins betra og bentu á aukningu í innflutningstölum smokka, jákvæðar niðurstöður kannana um breytta kynlífshegðun (Sveinn Guðjónsson, 1989) og fækkun fóstureyðinga og lekandasmita sér til stuðnings („Fækkun fóstureyðinga“, 1989). Aðrir drógu niðurstöður kannana í efa og sögðu þær byggja á tilgátum út frá óáreiðanlegum heimildum, og töldu herferðina hafa misst marks (Sölvína Konráðs, 1988). Haraldur Briem, þáverandi smitsjúkdómalæknir, sagði í viðtali við *Morgunblaðið* 1989 að erfitt væri að meta árangur herferðarinnar, sérstaklega hjá gagnkynhneigðum einstaklingum þar sem lítið væri vitað um kynhegðun þeirra á meðal, og nefndi að ekki hefði dregið úr fjölda þeirra tilfella þar sem fólk kæmi í alnæmispróf eftir „vafasöm ævintýri“. (bls. 11). Í sama viðtali sagði Jón Hjaltalín Ólafsson, þáverandi læknir á húð- og kynsjúkdómadeild Heilsuverndarstöðvarinnar, að ekki væru merkjanlegar breytingar á viðhorfum fólks og enn væri langt í land með að tekið væri tillit til hættunnar sem óvarið kynlíf hefði í för

með sér. Jafnframt sagði Auður Matthíasdóttir smokkasölu hafa rokið upp fyrst eftir herferðina en síðan dalað aftur (Sveinn Guðjónsson, 1989) en Haraldur Briem nefndi í viðtali við *Tímann* 1989 að erfitt væri að vita hversu stór hluti seldra smokka hefði raunverulega verið notaður til þeirra hluta sem þeir væru ætlaðir til („Fækkun fóstureyðinga“, 1989). Spurningalistakönnun á vegum Morgunblaðsins, sem framkvæmd var árið 1989 og var lögð fyrir 170 einstaklinga í menntaskólum, háskólum og á skemmtistöðum, gaf til kynna að um 70% einhleypra einstaklinga hefðu ekki breytt kynlífshegðun sinni í kjölfar fræðsluherferðarinnar („Rúmlega 70% einhleypra“, 1989). Varasamt gæti því verið að ætla auknum innflutnings- og sölutölum smokka þessara ára fylgni við breytta kynlífshegðun þar sem þær staðfesta lítið um aukna notkun þeirra við samfarir.

### 1.5 Fyrri rannsóknir


Allt frá því að smokkaherferðinni '86 lauk hefur verið gerður fjöldinn allur af könnunum og rannsóknum í tengslum við þekkingu og hegðun íslenskra ungmenna hvað viðkemur kynlífi, smokkanotkun og kynsjúkdómum. Niðurstöður margra þeirra hafa gefið til kynna að ungmenni á Íslandi byrji að stunda kynlíf fyrr en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum og að há tíðni kynsjúkdóma, fóstureyðinga og barneigna þeirra á meðal sé áhyggjuefni (Bender og Kosunen, 2005; Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Rangar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir, 2008; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Óhjákvæmilega vekur það upp spurningar sem tengjast notkun á getnaðar- og kynsjúkdómavörnum, eða öllu heldur mögulegum skortinum á notkun slíkra varna, sem virðast minna notaðar meðal íslenskra ungmenna en þekkist á meðal jafnaldra þeirra í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku (Bender og Kosunen, 2005), en það er vissulega áhyggjuefni. Niðurstöður samanburðarrannsóknar á viðhorfum og þekkingu 16 ára íslenskra unglunga á kynlífstengdu efni á árunum 2001 annars vegar og 2005–2006 hins vegar sýndu fram á að þekking unglunga á kynsjúkdómasmitum og getnaðarvörnum var af mjög skornum skammti á báðum tímabilum. Þó var marktæk breyting til hins betra á milli kannana, eftir að markviss íhlutun/fræðsla hafði átt sér stað (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008). Töluvert hefur verið rætt um að íslensk ungmenni fái litla kynfræðslu í skólum landsins og í því ljósi hefur verið bent á þá staðreynd að kynfræðsla er ekki samræmd á meðal allra grunnskóla og þar með sé ekki fullkomlega ljóst innan hvaða námsgreina hún eigi heima. Jafnframt hefur því verið haldið fram að



kennarar séu misjafnlega búnir undir slíka kennslu (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008). Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla, sem var gefin út 2011, er hvergi tekið fram að kynfræðsla skuli tilheyra náminu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það er því ýmislegt sem bendir til þess að fræðsla margra íslenskra ungmenna um þessi mál sé ábótavant og ekki ólíklegt að skortur á þekkingu hafi eitthvað með háa tíðni sjúkdóma, fóstureyðinga og lágan kynlífsaldur að gera. Hins vegar eru einnig vísbendingar um að þrátt fyrir að ungmenni þekki gildi varna eins og smokksins veigri þau sér við því að nota hann, þar sem þau telja hann spilla fyrir kynlífsánægju (Sigurlaug Hauksdóttir, 1997).

Árið 2006 tók Ísland í fyrsta skiptið þátt í alþjóðlegri rannsókn sem nefnist Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) eða Heilsa og líf skjör skólanema. Rannsóknin er framkvæmd á fjögurra ára fresti með það að markmiði að öðlast innsýn í og þekkingu á líf skjörum, lífstílstengdri hegðun og heilsu ungs fólks. Ríflega 40 lönd tóku þátt í verkefninu á árunum 2005–2006, sem gefur möguleika á því að bera saman niðurstöður á milli landa og öðlast þannig enn betri skilning á stöðu íslenskra ungmenna í samanburði við jafnaldra þeirra í Evrópu og Norður-Ameríku. Spurningalisti HBSC er tvískiptur eftir aldursflokkum grunnskólabarna, þar sem börn í 6. og 8. bekk fá eins spurningalista á meðan börn í 10. bekk fá ítarlegri lista. Spurningalistinn sem er lagður fyrir nemendur í 10. bekk inniheldur rúmlega 80 spurningar. Þar af flokkast sex undir málaflokkinn kyn og kynferði. Þegar listinn var lagður fyrir árið 2006 var það í fyrsta skiptið á Íslandi sem allir nemendur í 10. bekk landsins fengu spurningar í tengslum við kynhegðun sína (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006).

Ungmenni í 10. bekk voru spurð hvort þau hefðu einhvern tímann haft samfarir og sýnir mynd 1 hlutfall þeirra ungmenna í 10. bekk sem höfðu haft samfarir árið 2006 annars vegar og 2010 hins vegar. Árið 2006 sögðust 28% stráka haft samfarir en hlutfall stelpna var töluvert hærra, eða um 36%. Árið 2010 hélt hlutfall þeirra stráka sem sögðust hafa haft samfarir nokkuð óbreytt, eða um 27%, á meðan hlutfall þeirra stelpna sem sögðust hafa haft samfarir lækkaði töluvert á milli kannana, eða um 6 prósentustig, því árið 2010 sögðust 30% stelpna hafa haft samfarir.




**Mynd 1 – Hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2006 og 2010 sem höfðu haft samfarir**

Niðurstöður 2006 gáfu til kynna að hlutfall stelpna sem voru byrjaðar að stunda kynlíf í 10. bekk væri töluvert hærra á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu. Á sama tíma var samsvarandi hlutfall stráka sambærilegt á Íslandi og víðast hvar í Evrópu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Svipaða sögu er að segja frá niðurstöðum 2010 því þrátt fyrir að hlutfall íslenskra stelpna sem voru byrjaðar að stunda kynlíf í 10. bekk hafi farið lækkandi á milli kannana var meðaltal þeirra enn nokkuð hátt í samanburði við önnur Evrópulönd. Lítil breyting var á hlutfalli þeirra íslensku stráka sem voru byrjaðir að stunda kynlíf í 10. bekk 2010 og hélst meðaltal þeirra sambærilegt á við jafnaldra þeirra víðast í Evrópu (Currie o.fl., 2012). Niðurstöður HBSC hafa sýnt fram á sterka fylgni milli áfengisdrykkju og þess að stunda kynlíf, þ.e. þau ungmenni sem eru byrjuð að drekka áfengi eru líklegri til þess að vera einnig byrjuð að stunda kynlíf. Á milli kannana fór áfengisneysla töluvert lækkandi meðal íslenskra ungmenna og því er ekki ólíklegt að lækkandi áfengisneysla 2010 skýri að einhverju leyti lægra hlutfall þeirra ungmenna sem voru byrjuð að stunda kynlíf 2010 (Þóroddur Bjarnason, Ársæll Már Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir, 2010).

Spurt var út í hvaða getnaðarvörn hafi verið notuð síðast þegar samfarir voru stundaðar. Líkt og mynd 2 sýnir sögðust árið 2006 um 66% hafa notað smokkinn, 25% pilluna, 5% rofnar samfarir, 4% annað og 15% notuðu engar getnaðarvarnir. Í einhverjum tilfellum voru fleiri en ein vörn notuð í einu. Því notuðu um 20% ungmenna í 10. bekk árið 2006 engar getnaðarvarnir eða treystu á rofnar samfarir síðast þegar þau stunduðu

kynlíf og voru þær tölur nokkuð hærri en hjá jafnöldrum þeirra í öðrum löndum Evrópu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Árið 2010 sögðust 34% hafa notað pilluna, 63% smokk, 11% rofnar samfarir, 6% annað og 9% notuðu engar varnir. Þrátt fyrir að 6 prósentustigum færri ungmenni segðust árið 2010 ekki hafa notað neinar getnaðarvarnir síðast þegar þau höfðu samfarir rúmlega tvöfaldaðist sá fjöldi sem treysti á rofnar samfarir. Því notuðu enn um 20% ungmenna árið 2010 engar varnið eða rofnar samfarir síðast þegar þau stunduðu kynlíf, sem hlýtur að teljast áhyggjuefni. Þegar litið er til meðaltals þeirra ungmenna í Evrópu sem notuðu smokk við síðustu samfarir er Ísland í næstneðsta sætinu (Currie o.fl., 2012), sem er vissulega dapurleg niðurstaða.



**Mynd 2 – Notkun getnaðarvarna við síðustu samfarir meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006 og 2010**


Þeim sem notuðu smokk fækkaði um 3 prósentustig á milli ára, um 9 prósentustigum fleiri notuðu pilluna og þeim sem notuðu aðrar varnir fjölgaði einnig. Þessar niðurstöður gefa til kynna að það færist í vöxt meðal ungmenna að treysta á getnaðarvarnir sem eru ekki vörn gegn kynsjúkdómum, líkt og pilluna, aðrar hormónagetnaðarvarnir eða rofnar samfarir. Slík aukning á notkun hormónagetnaðarvarna gefur vísbendingar um að ábyrgð gagnvart getnaðavörnum hvíli enn frekar á stelpum en áður. Niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar (European School Survey Project on Alcohol and other Drugs) frá árinu 2007 benda til þess að fylgni sé á milli þess að drekka áfengi og nota ekki smokk við samfarir (Þóroddur Bjarnason, 2009), sem er áhugavert í ljósi þess að líkt og áður var nefnt hefur áfengisneysla íslenskra ungmenna farið töluvert minnkandi undanfarin ár

(Þóroddur Bjarnason, Ársæll Már Arnarsson og Andrea Hjalmsdóttir, 2010). Samkvæmt niðurstöðum ESPAD 2011 var áfengisneysla 15–16 ára íslenskra ungmenna með því minnsta sem mældist í Evrópu (Hibell, Guttormsson, Ahlström, Balakireva, Bjarnason, Kokkevi og Kraus, 2012). Hefði því mátt ætla að notkun smokksins við síðustu samfarir hefði farið vaxandi milli ára, en hún fer þvert á móti örlítið lækkandi, eða, eins og áður var nefnt, um 3 prósentustig. Niðurstöður HBSC á milli ára um notkun getnaðarvarna gefa því vísbendingar um að fækkun í hópi ungmenna sem eru byrjuð að stunda kynlíf árið 2010 frá árinu 2006 sé fækkun í hópi þeirra sem hefðu notað smokk við síðustu samfarir.

Lengi hefur verið deilt um verð á smokkum hér á landi og því verið haldið fram að ungmenni hafi veigrað sér við notkun hans sökum þess hve dýr hann er (Erla Hlynsdóttir, 2010; „Smokkar of dýrir“, 2012). Sigurlaug Hauksdóttir, yfirfélagsráðgjafi á Sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins, sagði í viðtali við *Morgunblaðið* 2010 að best væri að smokkar yrðu ókeypis, en samkvæmt fréttinni hefur beiðni um ókeypis smokka fyrir ungt fólk legið á borði heilbrigðisráðuneytisins frá 2004 („Smokkurinn eins og öryggisbelti“, 2010). Árið 2011 var lagt fram frumvarp þess efnis að lækka virðisaukaskatt á smokkum úr 25.5% í 7%, við lok árs 2012 samþykkti Alþingi frumvarpið („Virðisaukaskattur á smokkum“, 2012) og strax í janúar 2013 höfðu sumir sölustaðir lækkað verð á smokkum sem nam lækkun virðisaukaskattsins („Smokkaverð sumstaðar lækkað“, 2013). Hvort að verðlækkun á smokkum eigi eftir að auka notkun þeirra meðal ungmenna eða hvort sú hugmynd að þeir séu hreinlega ekki nógu „töff“ viðhaldi lítilli smokkanotkun („Smokkar of dýrir“, 2012) á eftir að koma í ljós.

## 1.6 Tilfelli klamydíu

Sé litið til greindra tilfella klamydíu í aldursflokknum 15–19 ára tímabilið 1997–2011 má sjá á mynd 3 að tilfellum fækkar 2003–2005 en fjölgar svo aftur og ná algjöru hámarki 2009 þar sem greind voru 603 klamydíutilfelli hjá stelpum og 223 hjá strákum. Þrátt fyrir að tilfellum hafi farið fækkandi aftur 2010 og 2011 eru þau enn töluvert fleiri en frá upphafi þessa tímabils (Embætti landlæknis, 2011). Vissulega er um breiðari aldurshóp að ræða en fjallað hefur verið um fram að þessu, en aldursflokkarnir ná að hluta til þeirra ungmenna sem nú, árið 2014, eru 18–22 ára, eða að einhverju leyti sami árgangur og tók þátt í HBSC rannsókninni 2010.



**Mynd 3 – Fjöldi greindra klamydíutilfella 1997–2011 eftir aldri og kyni**

Í gögnum Hagstofunnar varðandi fjölda stráka og stelpna í aldursflokkunum 15–19 ára árin 1997–2011 kemur fram að almennt eru árgangar eftir 2005 fjölmennari en árin áður og gæti það að einhverju leyti skýrt aukningu greindra tilfella. Árið 2009 var fjölgun um 158 stráka og 222 stelpur í aldurshópnum frá árinu áður, en greind klamydíutilfelli hjá stelpum voru 154 fleiri árið 2009 en 2008. Fjölgun stelpna í aldursflokknum frá árinu 2008 til 2009 var í kringum 1.9% á meðan klamydíutilfelli voru um 3.9% árið 2008 en 5.2% 2009. Því varð þarna aukning tilfella sem ekki verður skýrð með mannfjöldaaukningu um 32% og er svipaða sögu að segja af strákum, en þar er aukning tilfella sem ekki verður skýrð með mannfjöldaaukningu um 40%. Þessar tölur endurspeglar ekki hreina aukningu greindra tilfella heldur þá aukningu sem ekki er unnt að skýra með auknum mannfjölda innan þessara árganga í heild sinni (Hagstofan, 2013). Í gegnum árin hafa niðurstöður rannsókna bent til þess að tíðni klamydíusmita hjá íslenskum ungmönnum hafið verið hærri en á hinum Norðurlöndunum. Góðar greiningaraðferðir hér á landi eru að einhverju leyti taldar geta útskýrt þennan mun (Velferðaráðuneytið, 2011) en fjölgun greindra tilfella er jafnframt í samræmi við niðurstöður HBSC á milli ára sem gefa til kynna að ungt fólk treysti í auknum mæli á getnaðarvarnir sem sporna ekki gegn kynsjúkdómum.

Staðan í íslensku samfélagi árið 2010 hvað varðar tíðni greindra kynsjúkdómatilfella, og þá einna helst klamydíutilfella, vakti óhug margra og þótti ljóst að úrbóta var þörf. Félagasamtökin *Smokkur – sjálfsgöð skynsemi* og *Ástráður, félag læknanema* tóku höndum saman og ákváðu í samvinnu við Íslensku auglýsingastofuna að endurvekja

smokkaherferðina frá árinu 1986, undir nafninu *Smokkurinn má ekki vera feimnismál*. Líkt og áður voru þjóðþekktir einstaklingar fengnir til að auglýsa smokka á veggspjöldum sem voru hengd upp á opinberum stöðum, til að mynda í sundlaugum og skólum landsins, ásamt því sem auglýsingar voru birtar í sjónvarpi. Aðstandendur herferðarinnar vonuðust til að opna umræðuna um mikilvægi þess að reyna að sporna við kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum og að herferðin myndi virka sem hvatning fyrir fólk til að nota smokkinn (Ísland í dag, 2010).

25 árum eftir að farið var í fyrstu smokkaherferðina virtist því vera þörf á að endurvekja umræðuna um smokka í samfélaginu og minna á mikilvægi þeirra sem varnar gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. Hafi smokkaherferðin '86 haft þau jákvæðu áhrif á breytta kynlífshegðun sem sumar kannanir árin eftir herferðina gáfu vísbendingar um (Sveinn Guðjónsson, 1989) má draga þá ályktun að sé fræðslu ekki viðhaldið eftir að henni lýkur verði áhrif hennar skammvinn hvað notkun smokksins varðar. Líkt og áður nefnd rannsókn Sigurlaugar Hauksdóttur frá 1994–1995 gaf til kynna virtist ungt fólk níu árum eftir smokkaherferðina '86 almennt meðvitað um gildi smokksins og smitleiðir alnæmis en engu að síður sleppti meirihlutinn því að nota hann við samfarir (Sigurlaug Hauksdóttir, 1997). Í viðtali við Fréttablaðið 24. júlí 2013 lýsti Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans, áhyggjum sínum af stöðu kynsjúkdóma á Íslandi og sagði hana vera „skelfilega“. Baldur sagði fleiri smit hafa verið greind það sem af var ári 2013 en á sama tíma árið áður og taldi að forvörnum stjórnvalda í málaflokknum hafa verið ábótavant. Hann taldi að gott eftirlit hér á landi hefði haft áhrif á slæma stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd en benti þó á að ungt fólk virtist ekki nógu meðvitað um alvarleika kynsjúkdóma sem endurspegladist í því að þau veigruðu sér við því að nota smokkinn við samfarir (Jóhannes Stefánsson, 2013).

### **1.7 Brynja gegn ánægju – köngulóarvefur gegn hættu**

Þrátt fyrir að smokkurinn sé eina vörnin gegn kynsjúkdómum (Embætti landlæknis, 2012b) hefur sú orðræða að hann skemmi fyrir ánægju og nautn í kynlífi verið lífseig. Á 17. öld skrifaði Mme de Sevigne dóttur sinni, greifynjunni í Grignan, bréf þar sem hún fjallaði m.a. um smokka unna úr afurðum dýra, *náttúrulega smokka*, og lýsti þeim sem brynju gegn ánægju og köngulóarvef gegn hættu (Robertson, 1990). Á 18. öld fjallaði Casanova m.a. töluvert um smokka í æviminningum sínum en var hann lítið hrifinn af

þeim framan af og lærði ekki að meta gildi þeirra fyrr en síðar á lífsleiðinni (Youssef, 1993). Það þyrfti því enginn að undrast ef íslensk hjón á 16. öld hefðu kvartað undan skertri ánægju í kynlífi við notkun handþrjónaðra smokka, en fyrir því eru þó ekki til neinar heimildir. Smokkar hafa þó breyst töluvert frá því að Fallopio bjó til slíður úr lérefti en nú á dögum má finna smokka sem eru ekki nema 0.036 mm. á þykkt („Guinness staðfestir“, 2014). Þrátt fyrir það eru smokkar enn umdeildir.

Í könnun sem gerð var hér á landi á árunum 1994–1995 á kynhegðun 14–20 ára gamals fólks og þekkingu þess á smitleiðum alnæmis kom í ljós að langflest þekktu smitleiðir sjúkdómsins og gildi smokksins. Þrátt fyrir það notaði einungis um einn af hverjum þremur smokkinn alltaf eða oftast þegar stunduð voru kynmök og um helmingur þátttakenda sagði smokkinn „spilla fyrir kynlífsánægju“ (Sigurlaug Hauksdóttir, 1997). Svipað var uppi á teningnum í rannsókn Sóleyjar Bender og Elise Kosunen árið 2005 um viðhorf kynjanna til notkunar á getnaðarvörnum, en þar kom í ljós að strákar höfðu áhyggjur af spilltri kynlífsánægju með smokkanotkun (Bender og Kosunen, 2005).

## 2 Aðferðafræði

### 2.1 Rannsóknarspurning og aðferðafræði

Aðalrannsóknarspurning ritgerðarinnar er: *Hvers vegna nota íslensk ungmenni ekki smokka í meiri mæli en rannsóknir benda til?* Markmið þessarar ritgerðar var ekki síður að draga upp sögulega mynd af notkun og sölu smokksins á Íslandi í gegnum tíðina. Í þeim tilgangi var leitað upplýsinga á heimasíðunni Tímarit.is. Farið var yfir fyrri rannsóknir á Íslandi um notkun og sölu smokka og, líkt og áður hefur verið nefnt, haft samband við Landlæknisembættið, Lyfjafræðingafélagið, Læknafélag Íslands, höfund sögu lyfjafræðingafélags Íslands o.fl. Til að leita svara við rannsóknarspurningunni var unnið upp úr meginlegum gagnasöfnum HBSC rannsóknarinnar frá árunum 2006 og 2010, líkt og hefur verið greint frá hér að ofan. Ásamt því sem tekin voru þrjú eigindleg rýnihópaviðtöl við ungmenni á aldrinum 18–22 ára.

Meginlegar aðferðir eru hentugar til þess að vinna með tölfræðilegar upplýsingar gefnar af úrtaki þegar rýna á í eitthvað sem er hægt að mæla eða telja (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013), líkt og hversu mörg ungmenni í 10. bekk hafi notað smokk við síðustu samfarir. Niðurstöður þeirra mælinga er síðar hægt að yfirfæra á þýði sem veitir góða heildarmynd af þeim hópi sem verið er að skoða. Þær upplýsingar gefa þó ekki alltaf skýra mynd af ástæðum þess að hver og einn svarar líkt og hann gerir. Þar með geta

niðurstöður meginlegra rannsókna leitt af sér enn frekari spurningar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013) og í þessu tilfalli vaknar spurningin um hvers vegna þau ungmenni í 10. bekk sem nota smokk eru ekki fleiri en niðurstöður HBSC rannsóknarinnar gefa til kynna.

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er unnið með smærri úrtök þar sem félagsleg fyrirbæri eru rannsökuð út frá persónulegri upplifun hvers og eins en það getur gefið dýpri sýn á viðfangsefni rannsakanda en meginlegar aðferðir. Í þessari rannsókn er unnið með blandaða aðferð þar sem báðar rannsóknaraðferðirnar eru notaðar til að leita svara við rannsóknarspurningunni. Blönduð aðferð gefur færi á því að fá fyllri mynd af rannsóknarefninu, ná yfir víðara svið og fara dýpra í rannsóknarefnið (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2013). Markmiðið er að ná fram heildarsýn yfir stöðu ungmenna hvað smokkanotkun varðar, ásamt því að koma á framfæri viðhorfum og þekkingu þeirra á notkun smokksins sem kynsjúkdóma- og getnaðarvarnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

## 2.2 Framkvæmd rannsókna

Í þessari rannsókn var stuðst við fyrirbærafræðilega rannsóknaraðferð. Fyrirbærafræði á ættir sínar að rekja til heimspeki en varð þekkt sem rannsóknaraðferð á síðari hluta 20. aldar (Denzin og Lincoln, 2005; Sigríður Halldórsdóttir, 2013a). Megintilgangur fyrirbærafræðinnar sem rannsóknarstefnu er að öðlast skilning á mannlegum einstaklingum með því að „fá lánaða“ reynslu þeirra og reyna eftir fremsta megni að líta lífið sömu augum og þeir gera, og lýsa mannlegri reynslu líkt og hún er upplifuð (Bruyn, 1966; Merleau-ponty, 1964; Sigríður Halldórsdóttir, 2013b). Unnið er með lítil úrtök þar sem markmiðið er fyrst og fremst að afla ítarlegrar þekkingar á ákveðnum málum en ekki að alhæfa niðurstöður yfir á þýði. Samkvæmt Vancouver-skólanum í fyrirbærafræði öðlast hver og einn einstaklingur sína eigin reynslu eftir því hvernig hann túlkar og upplifir heiminn. Það er þessi reynsla og upplifun sem rannsakandi hefur áhuga á að fá dýpri innsýn í til að öðlast heildstæðari mynd af ákveðnum mannlegum viðfangsefnum. Í Vancouver-skólanum er litið á þátttakendur í rannsóknum sem meðrannsakendur þar sem hlutverk þeirra er í raun að rannsaka ákveðin fyrirbæri með rannsakanda í gegnum samræður, en þær eru meginuppistaða gagnaöflunar innan Vancouver-skólans (Sigríður Halldórsdóttir, 2013b).



Gagnasöfnun fór fram með rýnihópaviðtölum. Sú rannsóknaraðferð er talin vera ríflega hundrað ára gömul (Morgan, 1998; Sóley S. Bender, 2013) og upphaflega var hún notuð að mestu leyti innan félagsvísinda við þróun mælitækja (Madriz, 2000; Sóley S. Bender, 2013). Með tímanum hefur áhugi fræðimanna á þessari rannsóknaraðferð aukist jafnt og þétt, ekki síst innan markaðsfræðinnar þar sem leitast er við að skilja þarfir og langanir neytenda áður en vara er sett á markað (Krueger, 1994; Morgan, 1998; Sóley S. Bender, 2013). Í ljósi þess að rýnihópaviðtöl bjóða upp á möguleika til að rannsaka ákveðin viðfangsefni út frá raunverulegum viðhorfum og reynslu einstaklinga innan hópa reyndust þau tilvalin aðferð fyrir þessa rannsókn, þar sem markmiðið er, líkt og áður var nefnt, að ná fram bæði heildarsýn yfir stöðu ungmenna hvað smokkanotkun varðar og koma á framfæri viðhorfum og þekkingu þeirra á notkun smokksins sem kynsjúkdóma- og getnaðarvarnar.

Rýnihópaviðtöl hafa reynst góð aðferð til að rannsaka málefni sem lítið er vitað um (Sóley S. Bender, 2013). Í þessari rannsókn var unnið sérstaklega út frá því að leyfa röddum ungmenna að heyrast í þessum málaflokkum. Stuðst var við viðtalsramma þar sem samtölin hófust út frá almennum spurningum sem urðu sértækari þegar líða tók á viðtölin. Þátttakendum var þó gefið svigrúm til þess að fjalla um málin út frá opnum huga og spyrja spurninga. Sérstaklega var sóst eftir upplýsingum um smokkanotkun ungmenna og hvort og af hverju þau velji að nota hann í jafn litlum mæli og rannsóknir benda til. Einnig var spurt út í viðhorf til kynsjúkdóma og þeirrar kynfræðslu sem þau hefðu hlotið og upplifun þeirra af viðhorfum kynjanna í garð smokkanotkunar.

Leitað var eftir aðstoð kennara í framhaldsskólum Akureyrar til að fá þátttakendur í rannsóknina. Valið var í hópana eftir aldri og kyni þar sem þátttakendur þurftu að vera á aldrinum 18–22 ára í kynjaskiptum hópum. Það hefur sýnt sig að einn af helstu ókostum rýnihópa er hversu erfitt getur reynst að ná saman í hóp (Sóley S. Bender, 2013; Stewart og Shamdasani, 1997). Þessi rannsókn var engin undantekning á því en afar erfitt reyndist að fá stráka til þess að taka þátt og fór svo að í úrtaki urðu níu stelpur í tveimur hópum og sex strákar í einum hóp, eða fimmtán ungmenni alls. Stelpuviðtölin fóru fram í kennslustofum Háskólans á Akureyri en strákaviðtalið fór fram í kennslustofu Verkmenntaskólans á Akureyri. Þar sem unnið var út frá viðtalsramma eigindlegra rýnihópaviðtala voru allir þátttakendur boðnir velkomnir og rannsakandi kynnti sig og athuganda, en athugandi sat öll viðtöl sem aðstoðarmaður rannsakanda. Farið var yfir tilgang og ávinning rannsóknarinnar og greint frá nauðsyn þess að hljóðrita viðtölin. Allir þátttakendur kynntu sig en þeim var jafnframt gert ljóst að raunveruleg nöfn þeirra yrðu

ekki notuð við úrvinnslu gagnanna þar sem nafnleyndar yrði gætt. Öll viðtöl voru skráð orðrétt á tölvutækt form (Sóley S. Bender, 2013). Aðrir ókostir rýnihópa, umfram hversu erfitt getur reynst að ná saman í hóp, eru einna helst hversu erfitt getur verið að greina viðtölin þegar margir tala í einu (Sóley S. Bender, 2013; Stewart og Shamdasani, 1997). Málglæðir aðilar geta yfirgæft umræðuna sem getur leitt til þess að hún verður einsleit (Dilorio o.fl., 1994; Sóley S. Bender, 2013) og val á þátttakendum miðast oft við að einstaklingar séu tilbúnir til þess að tjá sig sem getur útilokað feimna eða óframfærna einstaklinga sem hafa jafnvel aðra skoðun en aðrir á umræðuefninu (Gibbs, 1997; Sóley S. Bender, 2013).

### 2.3 Vankantar rannsóknar

Helstu vankantar rannsóknarinnar felast í ójafnvægi kynjanna í rýnihópunum. Afar erfitt reyndist að fá stráka til þess að taka þátt í rannsókninni þrátt fyrir aðstoð kennara, námsráðgjafa og nemendafélaga skólanna. Að lokum náðist að taka viðtal við stráka í Verkmenntaskólanum á Akureyri og rannsakandi átti jafnframt bókað viðtal við stráka Menntaskólans á Akureyri í marsmánuði 2014. Þá var hins vegar skolið á verkfall framhaldsskólakennara og kennsla lá niðri. Ekki reyndist unnt að ná saman hópi stráka á meðan verkfalli stóð og ekki gafst rými til að vinna að frekari gagnaöflun eftir að því lauk í byrjun aprílmánaðar enda var þá stutt í skil þessa rits. Hefði þótt ákjósanlegt að rödd stráka hefði haft jafnt vægi á við rödd stelpna í þessum málaflokkum. Allir nemendur sem tóku þátt í rannsókninni fengu kynningu frá kennurum sínum í kennslustundum er tengjast félagsvísindum og kom stór hluti stelpnanna úr kynjafræði og strákarnir allir úr uppeldisfræði. Einhver ungmenni gáfu sig fram til þátttöku á meðan önnur voru beðin sérstaklega. Má ætla að það hafi áhrif á niðurstöðurnar þar sem ekki þykir ólíklegt að hluti þátttakenda hafi setið fyrirlestra eða haft sérstakan áhuga á þessum málefnum. Öll ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni búa og stunda nám á Akureyri og má ætla að það dragi úr alhæfingagildi rannsóknarinnar en hópviðtöl við ungmenni víðsvegar um landið hefðu verið ákjósanleg og mögulega gefið aðrar niðurstöður. Sá aldursflokkur sem þau meginlegu gögn sem hér er unnið úr nær til er ekki sá sami og þátttakendur í hópviðtölunum eru í. Síðarnefndu þátttakendurnir eru þó sumir hverjir fæddir sama ár og þau ungmenni er tóku þátt í HBSC rannsókninni 2010. Gefur það rými til að meta raunverulegar ástæður niðurstaðna um smokkanotkun í HBSC 2010. Rannsakanda þykir

mikilvægt að enn frekari rannsóknir verði gerðar hér á landi þar sem úrtakið er víðtækara og nær til landsins alls til að gefa skýrari mynd af málaflokkunum.

### 3 Niðurstöður

#### 3.1 Smokkurinn, af hverju ekki?

Undanfarin ár hafa rannsóknir á kynhegðun íslenskra ungmenna gefið vísbendingar um að smokkanotkun þeirra á meðal sé með því minnsta sem sést á meðal jafnaldra þeirra í öðrum löndum Evrópu (Bender og Kosunen, 2005; Currie, o.fl., 2012; Þóroddur Bjarnason, o.fl., 2006). Ýmsar ástæður eru taldar liggja að baki því að íslensk ungmenni veigri sér við notkun smokksins, t.a.m. hátt verð og að þeir þyki ekki nógu „töff“ („Smokkar of dýrir“, 2012). Rannsókn Sóleyjar Bender og Elise Kosunen (2005) um notkun getnaðarvarna meðal íslenskra unglinga gaf til kynna að stelpur veigri sér frekar við að kaupa smokka á meðan strákar hafi frekar áhyggjur af því að smokkurinn dragi úr ánægju í kynlífi. Þau ungmenni sem tóku þátt í þessari rannsókn virtust almennt ekki telja að ungmenni skorti kjark til að kaupa smokka og ekkert þeirra tiltók það sem ástæðu fyrir því að þau notuðu hann ekki. Ein stelpa tók sérstaklega fram að það að kaupa smokka ætti ekki að vera erfitt fyrir ungt fólk þar sem þeir væru til á flestum stöðum og því ætti að vera auðvelt að verða sér úti um þá án þess að þekkja afgreiðslufólkið. Líkt og Arna sagði: *... nú er hægt að fá smokka alls staðar og það, það er ekki þannig að maður þekki fólk á öllum stöðum þú veist, fólk þorir alveg að kaupa þetta einhversstaðar skilurðu, þótt það séu ungir krakkar ...*

Það kom hins vegar skýrt fram í öllum viðtölunum að strákar virðast frekar en stelpur hafa áhyggjur af því að smokkurinn sé óþægilegur og dragi úr ánægju í kynlífi, og þeir óska frekar eftir því að sleppa honum. Þannig taldi helmingur strákanna beiðni um að sleppa smokknum miklu frekar koma frá strákum en stelpum á meðan hinir þögðu. Enginn þeirra sagðist hafa heyrt til þess að stelpur óskuðu eftir því að smokknum yrði sleppt í kynlífi. Líkt og Marinó sagði: *Það eru líka margir sem segja að kynlífið sé betra án smokks [hik] þess vegna vilja þeir sleppa að nota hann [hik] en kvenmaðurinn vill ekki taka áhættuna á því að verða ólétt eða eitthvað, þú veist ef hún er ekki á pillunni.* Stelpurnar sögðu allar að strákar óskuðu frekar eftir því að smokknum yrði sleppt en tvær sögðust jafnframt vita af stelpum sem fyndist óþægilegt að nota smokk. Í þessu samhengi kom skýrt fram að stelpur töldu kynsystur sínar almennt vera undir mikilli pressu frá strákum um að sleppa smokknum í kynlífi. Líkt og Birna sagði: *... strákar segja alveg þú*

*veist við stelpur, þetta er ekki jafn gott ef ég nota smokk skilurðu. Erla sagði einnig: ... sumir strákar vilja meina að það sé [hik] eitthvað verra og þá [hik] þú veist ... . Þegar þær voru spurðar út í hvort þær teldu stelpur láta undan þessum þrýstingi voru þær almennt nokkuð sammála því og töldu stelpur ekki vera nógu ákveðnar til að þora að óska eftir því að smokkur yrði notaður ef strákar væru ekki með þá á sér eða óskuðu eftir því að honum yrði sleppt. Líkt og Erla sagði: ... sumar stelpur eru bara ekki nógu ákveðnar til þess að þú veist, þær gefa sig bara. Arna sagði einnig: ... ég held líka að stelpur [hik] þú veist, það er oft þannig að þær eru svona svolítið [hik] já hræddar við þetta og þær þora ekki að ýta undir það að nota smokk ef að hann kemur ekki með hann skilurðu. Anna lýsti sinni upplifun á þennan hátt: Já já, ég lét alveg undan oft [hlátur] ... ég var ekki á pillunni en honum fannst það ekki gott með smokk, þannig að ég var bara okei. Af þessum ummælum að dæma eru stelpur undir töluverðum þrýstingi frá strákum um að sleppa smokknum og þær virðast veigra sér við að óska eftir notkun hans að fyrra bragði. Gefur það ákveðna vísbendingu um að hlutverk stráka sé að segja til um hvort smokkur verði notaður eða ekki.*

Í ljósi þess að stelpurnar sögðust oft láta undan strákum þegar þeir vildu sleppa smokknum þar sem þeir teldu hann skemma fyrir ánægju í kynlífi voru þær spurðar hvort þær héldu að það væri rétt að smokkurinn hefði þau áhrif. Upphaflega tóku þær flestar undir það, enda væri það meginástæða þess að stelpur létu það eftir strákum að sleppa smokknum. Þær virtust hins vegar eiga fremur erfitt með að láta umræðuna enda þar og hófu að ræða að þær teldu ríkjandi orðræðu vera til staðar meðal stráka um að smokkurinn skemmi fyrir í kynlífi sem leiddi til þess að þeir gæfu sér fyrirfram að þeim þættu smokkar óþægilegir, jafnvel þótt þeir hefðu ekki prófað að stunda kynlíf bæði með og án smokks. Líkt og Erla sagði: ... ég hef alveg heyrt um dæmi að þeir gefa þessu ekki einu sinni séns ... . Dísá sagði fyrst að hún teldi það rétt að strákar myndu mun en sagði svo stuttu síðar að ef allir strákar væru að tala um að það væri munur hefði það áhrif á hvað öðrum strákum í kringum þá myndist. Þannig sagði Dísá: ... þú gerir þér alveg hugmyndir um að þetta sé ekki gott þegar þú ert að heyra þetta alls staðar skilurðu. Elfa sagði að það væri erfitt fyrir stelpur að átta sig á því hvort að strákar myndu einhvern mun. Hún tók undir að það væri örugglega rétt að einhverju leyti en sagði svo að strákar hefðu örugglega ekki allir prófað hvoru tveggja, eða eins og hún sagði: *Maður hefur náttúrulega ekki hugmynd um það. Já, örugglega eitthvað skilurðu.* Hún sagði svo stuttu síðar, í umræðu um hvort að strákarnir hefðu prófað hvoru tveggja: ... örugglega ekkert allir náttúrulega ... . Anna var sammála því að stelpur væru undir þrýstingi frá strákum

um að sleppa smokknum en sagðist jafnframt vera sammála því að um mun væri að ræða. Hún taldi viðhorf sín þó að einhverju leyti mótast af því að kærastinn hennar hafi frá upphafi talið henni trú um að kynlíf væri betra án smokks og eftir það hafi hún aldrei verið hrifin af smokkum. Þannig sagði Anna: ... *ég hef aldrei verið hrifin af smokkum, ég held að það hafi bara verið út af því að kærastinn minn sagði fyrst, þetta er betra svona og þá bara fannst mér það einhvern veginn betra og ég bara gerði það aldrei aftur ...* . Þegar Anna spurði hinar stelpurnar í hópnum hvort þær væru ekki sammála henni varðandi það að finna mun fékk hún dræmar undirtektir þar sem allar stelpurnar þögðu nema ein sem virtist upplifa sig undir ákveðnum þrýstingi með að vera sammála Önnu. Þannig sagði Dísá: *Æ jú jú, þú veist [hik] æ veit það ekki*. Af þessum ummælum að dæma er til staðar ákveðin löngun stelpna til að þóknast strákum í kynlífi því þær virðast draga í efa þennan mögulega mun en leyfa þrátt fyrir það strákunum að njóta vafans hvað hann varðar.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að ungt fólk gengi almennt með smokka á sér bar á verulegu ósamræmi milli kynjanna þar sem strákar töldu svo vera á meðal stráka en stelpurnar voru á öndverðum meiði. Þannig svöruðu allir strákarnir því játandi að strákar væru með smokka á sér ef þeir væru að fara út að skemmta sér og tók einn það fram að margir kynbræður hans væru með smokka í veskinu eða vasanum ef þeir myndu hitta stelpu. Líkt og Baldur sagði: *Það eru margir sem geyma smokk í veskinu sínu eða í [hik] vasanum eða eitthvað, ef að þeir hitta gellu [hik] eða þú veist, stelpur ættu líka að vera með þetta því að þær vita ekkert hvort að [hik] maðurinn eða hún sé með einhvern kynsjúkdóm*. Þetta efni kom einungis upp í öðru stelpuviðtalinu en mörgum þeirra þótti spurningin um hvort þær teldu að ungmenni væru með smokka í veskinu fyndin og þær hlógu og sögðu það ekki vera svo, nema þá einna helst hjá þeim sem væru ekki byrjaðir að stunda kynlíf. Líkt og Jóna sagði: ... *hjá fólki sem sefur ekki hjá þá er þetta í hverju veski sko, en öðrum, já, já nei*.

Ein helsta ástæðan sem viðmælendur gáfu fyrir því að ungmenni velja að nota ekki smokk var verðið á þeim. Stór hluti viðmælenda af báðum kynjum tók fram að verð á smokkum væri alltof hátt og ekki á valdi ungmenna að standa straum af slíkum útgjöldum. Þannig sagði Einar: *Þetta er alveg orðið svolítið dýrt sko. ... mætti nú alveg fara að kannski kotta einhvern skatt af þessu, eða eitthvað til að fara [hik] að fleiri myndu nota*. Gunnar sagði einnig: *Smokkar ættu náttúrulega bara að vera frúir í apótekum. Þá myndu miklu fleiri nota smokk sko*. Aðspurðir hvort þeir teldu að fleiri myndu raunverulega nota smokka ef þeir væru frúir voru þeir allir sammála um að svo væri. Stelpur töldu verð á

smokkum ekki síður eiga stóran þátt í því að þeir væru ekki meira notaðir. Líkt og Lína sagði: *Smokkar eru líka alltof dýrir. Ég sem fátækur námsmaður, það bara, það hefur engin, það er [hik] ekkert í stöðunni sko [hik] eða það er hjá mér þannig.* Jafnframt sagði Erla: *Ég [hik] bara getnaðarvarnir eru mjög dýrar.* Það vekur athygli að þegar þessi viðtöl eru tekin ættu flestar búðir að hafa lækkað verð á smokkum eftir að Alþingi samþykkti við lok árs 2012 að lækka virðisaukaskatt á smokkum úr 25.5% í 7% („Virðisaukaskattur á smokkum“ 2012). Þrátt fyrir það virðist verð á smokkum enn hvíla verulega á herðum ungmenna og sporna gegn því að þau noti þá.

Rannsakandi kannaði verð á smokkum í aprílmánuði 2014. Í viðtalinu við stráka kom fram að pakkar með sex smokkum kostuðu yfir 1000 krónur, jafnvel meira, og ef þeir færu í 10/11 kostuðu þeir yfir 2000 krónur. Líkt og Marínó sagði: *Þú sérð að smokkar með sex [í] pakka er bara yfir 1000 kall [...] ferð í 10/11 og þetta er bara yfir 2000 kall.* Á rafrænu sölusíðunni Smokkur.is kostar pakki með 12 smokkum 1.299 krónur, þ.e. rúmlega 108 krónur stykkið (Smokkur.is, 2014), eða ríflega helmingi minna en það verð sem strákarnir gáfu upp. Í Hagkaupum kostar pakki með 10 stykkjum að meðaltali 1.000 krónur eða 100 krónur stykkið, í Bónus kostar pakki með 10 stykkjum 598 krónur eða um 60 krónur stykkið og í 10/11 kostar pakki með sex stykkjum 799 krónur eða 133 krónur stykkið, og pakki með 10 stykkjum 1.299 krónur eða um 108 krónur stykkið. Vissulega er hægt að kaupa dýrari smokka eftir því hvort um sérstakar útfærslur er að ræða en að meðaltali virðist verð á smokkum vera í kringum 95 krónur stykkið sé keyptur pakki með 10 stykkjum. Til samanburðar má geta þess að 16” pizza kostar um 1.500 krónur eða andvirði 15 smokka. 2l af gosi kosta tæplega 400 krónur eða andvirði fjögurra smokka og miði í bíó kostar í kringum 1.300 krónur eða andvirði 13 smokka. Það háa verð á smokkum sem kom upp í strákaviðtalinu virðist því ekki eiga við rök að styðjast. Markmiðið hér er þó ekki að gera lítið úr áhyggjum ungmenna yfir verði á smokkum og margt, ef ekki allt, mælir með því að þeir ættu að vera ókeypis. Eins og sést á verðdæmunum hér fyrir ofan má hins vegar ætla að kaup á smokkum séu ekki ofarlega á forgangslista ungmenna hvað útgjöld snertir.

### 3.2 Pillan og kynsjúkdómar

Rannsóknir benda til þess að dregið hafi úr notkun hormónagetnaðarvarna meðal íslenskra kvenna á undanförunum árum og að hún sé nú hvað minnst hér í samanburði við hin Norðurlöndin (Velferðarráðuneytið, 2011). Niðurstöður þær úr HBSC rannsókninni sem nefndar voru hér ofar benda hins vegar til þess að árið 2010 hafi verið aukning um 9 prósentustig frá árinu 2006 meðal 10. bekkinga sem sögðust hafa notað pilluna sem vörn við síðustu samfarir. Rannsakandi telur mögulega skýringu á þessu misræmi geta falist í því að færri ungmenni 2010 en 2006 hafi treyst á tvöfalda vörn, þ.e. bæði pillu og smokk, og að þau ungmenni sem treystu á tvöfalda vörn 2006 hafi einungis merkt við notkun smokksins við síðustu samfarir en ekki pilluna þrátt fyrir að hafa notað hvoru tveggja. Þannig hafi þær stelpur sem voru á pillunni en notuðu einnig smokk litið á smokkinn sem vörn og merkt við hann en ekki pilluna. Árið 2010 hafi svo færri treyst á tvöfalda vörn, þar sem fleiri slepptu smokknum og treystu einungis á pilluna, og því hafi fleiri merkt við pilluna sem vörn við síðustu samfarir. Því hafi ekki endilega verið um raunverulega aukningu á notkun pillunnar að ræða meðal stelpna, heldur hafi fleiri ungmenni 2010 en 2006 treyst einungis á vörn gegn þungunum, eins og pilluna, en ekki hugað að vörn gegn kynsjúkdómum. Upplýsingar um hlutfall íslenskra stelpna á pillunni eftir aldri og ártali reyndust ekki aðgengilegar. Því er rétt að áréttast hér er einungis um vangaveltur rannsakanda að ræða.

Í ummælum viðmælenda í þessari rannsókn kom skýrt fram að ungmenni virðast almennt treysta fremur á notkun pillunnar í kynlífi en smokkinn, eða líkt og Einar sagði: *Held líka bara að pillan sé farin að svona yfirstíga smokkinn aðeins meira sko ...* Þrátt fyrir að pillan veiti enga vörn gegn kynsjúkdómum svöruðu fjórir af sex strákum því játandi að það væri nóg að treysta á pilluna í kynlífi. Svipað var uppi á teningnum hjá stelpunum en þær voru almennt sammála því að ef stelpur væru á pillunni létu ungmenni sér nægja að treysta á hana. Þannig sagði Arna: *Það eru eiginlega allar stelpur á pillunni í dag og það [þögn] og það eru mjög margar sem að hugsa bara okei, pillan er nóg, ég þarf ekkert smokk líka.* Helstu áhyggjur ungmennanna í kynlífi virtust því beinast að því að stelpnan gæti orðið þunguð og mátti skynja á svörum þeirra að ef ráðstafanir væru gerðar til að koma í veg fyrir þungun leiddu þau hugann ekkert frekar að notkun smokksins. Líkt og Jóna sagði: *... þá er einhvern veginn alltaf þetta bara, þú veist, ég vil ekki verða ólétt og þess vegna notum við þetta, þú veist, ég er hvort sem er á pillunni, þetta er allt í lagi [hik] ég nenni ekki að vera að standa í þessu.* Arna tók undir orð Jónu

og sagði: ... *af því ég verð ekki ólétt þá er þetta allt í lagi skilurðu*. Umræður milli stráka voru á svipuðum nótum og gáfu vísbendingar um ákveðið frelsi meðal stráka ef stelpan segðist vera á pillunni, enda væri það, þegar allt kæmi til alls, hún sem sæti uppi ólétt og þyrfti að taka ákvarðanir ef sú vörn klikkaði. Þannig sagði Marinó: ... *hún væri ekkert að gera sér greiða ef hún myndi segja að hún væri á pillunni og vera að ljúga og verða síðan ólétt og ef hún vill ekki eignast barnið þá þarf hún að fara [þögn] ... Þeir þurfa bara ekkert að hugsa um [hik] hugsa um næstu níu mánuði af því að kvenmaðurinn þarf að vera með barnið og hann getur alveg eins bara hætt með henni af því að hún er ólétt og [hik] þá þarf hann bara að borga meðlag með því eða eitthvað [hik] það er samt mjög slæmt ef að karlmenn hugsa svoleiðis*. Strákarnir voru spurðir hvort þeir teldu að ungmenni væru sömu skoðunar gagnvart pillunni ef um skyndikynni væri að ræða og svaraði einungis einn þeirri spurningu neitandi á meðan hinir ýmist þögðu eða svöruðu játandi. Spurningin kom ekki upp með sama hætti í stelpuviðtölunum en þó má draga þá ályktun út frá svörum þeirra að smokkar séu ekkert frekar notaðir þrátt fyrir að um skyndikynni sé að ræða. Dísá sagðist til að mynda aldrei nota smokk, hvort sem um skyndikynni væri að ræða eða ekki. Anna sagðist sjálf hugsa um að nota smokk en bara ef um skyndikynni væri að ræða og eina ástæðan fyrir því væri að hún hefði fengið kynsjúkdóm þar sem hún hefði verið vön að sleppa honum áður.

Eftir að rannsakanda varð ljóst að ungmenni teldu sig í raun ekki þurfa að hafa neina sérstaka ástæðu til þess að nota smokkinn ef stelpa væri á pillunni lá beinast við að spyrja hvort viðmælendur teldu að ungmenni hefðu engar áhyggjur af því að smitast af kynsjúkdómum. Helmingur strákanna svaraði þeirri spurningu játandi á meðan hinir þögðu. Helstu ástæður sem þeir gáfu fyrir því að ungmenni ákveði samt að sleppa smokknum var atriði sem þegar hefur verið nefnt, þ.e. hátt verð á smokkum og svo neysla áfengis. Líkt og Marinó sagði: *Málið er það [...] kemur svo rosalega mikil kæruleysistilfinning bara hjá báðum kynjum sko og það bara skiptir engu máli lengur sko*. Í því samhengi sagði Einar einnig: ... *bara áfengið er líka svo mikið [hik] svona kæruleysis [hik] dæmi*. Einnig kom fram vísbending í öðru stelpuviðtalinu um að áfengi hafi áhrif á hvort smokknum er sleppt eða ekki þar sem Anna lýsti persónulegri reynslu sinni af því að hafa sleppt smokknum þegar hún átti skyndikynni undir áhrifum áfengis sem leiddu til þess að hún fékk klamydíu. Þannig sagði Anna: ... *ég svaf hjá strák og fékk kynsjúkdóm og eftir það þá byrjaði ég, hugsaði ég sama hvort að ég var búin að drekka mikið eða lítið eða skipti ekki máli þá bara notaði ég smokk eftir það ...* . Þetta er í samræmi við niðurstöður Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar (ESPAD) frá árinu 2007



þar sem fylgni var á milli þess meðal ungmenna í 10. bekk að drekka áfengi og sleppa smokknum (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Stelpurnar voru almennt mun meira sammála því að ungmenni hefðu engar áhyggjur af kynsjúkdómum. Þannig þögðu þrjár þeirra á meðan hinar sex sögðu ungmenni lítið velta kynsjúkdómum fyrir sér og nefndu, eins og áður hefur komið fram, að megináherslan væri að verja sig gegn þungun. Líkt og Jóna sagði: *Stelpur sem eru á pillunni bara, æi ég er á pillunni, þetta er allt í lagi skilurðu*. Stelpur nefndu þó einnig fleiri mögulegar ástæður fyrir því að smokknum væri sleppt, t.d. að strákar gætu verið hræddir við að skemma stemmninguna með því að þurfa að gera hlé á kynlífinu til að setja á sig smokkinn og það gæti verið að ungir strákar kynnu hreinlega ekki að nota hann. Líkt og Lína sagði: *Ég held líka að margir gaurar séu hræddir um að eyðileggja stemmninguna að taka sér pásu og gera þetta ... . Margir hverjir líka á þessum aldri kunna bara ekki að bera sig að ... .* Í öllum viðtölum þar á sérstöku áhyggjuleysi í garð klamydíu en svo virðist sem ungmenni telji sig ekki þurfa að hafa stórar áhyggjur af því að smitast af þeim sjúkdómi þar sem meðferð við honum þykir afar einföld. Líkt og Marínó sagði: *Þú getur fengið tvær töflur og þá er þetta farið eftir viku eða eitthvað, þú mátt reyndar ekki snerta kynfærið þitt í viku eða eitthvað ... .* Arna sagði einnig: *... svo er líka svo mikið af þessu, hugsum bara, klamydía, æ það er bara ein pilla ... .* Ein stelpa sagði vinkonu sína hafa fengið klamydíu oft en þar sem meðferðin við sjúkdómnum væri svo auðveld tæki hún klamydíusmiti afar létt. Þannig sagði Arna: *... vinkona mín veit ég, hún er búin að fá þetta held ég fimm sinnum og eitthvað og hún bara, já já þú veist, æi þetta er bara ein tafla [þögn] þú veist, og hún notar aldrei verjur*. Af þessum ummælum að dæma virðist sem aðaláherslan hjá ungmennum hvað viðkemur vörnum í kynlífi sé, líkt og áður var nefnt, að koma í veg fyrir þungun og að þau leiði hugann lítið að mögulegum kynsjúkdómum. Er það í samræmi við rannsókn á notkun pillunnar og smokksins meðal 17–19 ára ungmenna í Noregi sem sýndi fram á að norsk ungmenni hugsuðu frekar um að koma í veg fyrir þungun en kynsjúkdóma í kynlífi (Trææn, Lewin og Sundet, 1992).

### 3.3 Kynfræðsla

Líkt og kom fram hér ofar hefur töluvert verið deilt um þá kynfræðslu sem ungmenni á Íslandi hljóta. Raunar beinist gagnrýni helst að því að kynfræðslan sé mjög af skornum skammti en slíkri fræðslu hefur til að mynda ekki verið gefið formlegt rými innan aðalnámskrár grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í íslenskri rannsókn á þekkingu og viðhorfum ungmenna til kynlífstengdra þátta gáfu niðurstöður til kynna að vanþekkingar og misskilnings gætti þeirra á meðal um ýmsa þessara þátta og að íslensk ungmenni væru verr stödd hvað þá snertir en jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu þó einnig til kynna að með aukinni fræðslu mætti sjá breytingu til batnaðar hvað það varðaði. Því hefur verið haldið fram að aukin kynfræðsla virki hvetjandi á ungmenni að byrja að stunda kynlíf fyrr en ella en rannsóknir benda hins vegar til þess að engin fylgni sé þar á milli (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008) og jafnvel sé líklegra að fræðslan seinki fyrstu kynlífsreynslunni. Þannig kemur fram í endurskoðaðri útgáfu fræðslubæklingsins *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*, sem var gefinn út árið 2009 af Landlæknisembættinu og fleiri aðilum, að góð umræða um kynlíf inni á heimilum sé líklegri til að stuðla að því að ungmenni byrji seinna að stunda kynlíf og séu ábyrgari þegar þau byrja (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2009).

Í nýlegri viðtalsrannsókn Ástu Arnbjargar Pétursdóttur og Elvýjar Guðríðar Hreinsdóttur (2011) um reynslu íslenskra unglingsstúlkna af því að byrja að stunda kynlíf kom í ljós að viðmælendur þeirra voru almennt sammála því að kynfræðslan á yngri árum hefði verið af skornum skammti. Fram kom að þeim þótti fræðslan einblína of mikið á líffræði og í einhverjum tilfellum getnaðarvarnir en þá með það að markmiði að þau lærðu að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og þunganir. Ungmennin upplifðu hins vegar í raun skort á fræðslu um kynlífið sjálft. Viðmælendur í þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar höfðu svipaða sögu að segja. Stelpurnar voru almennt nokkuð sammála um að þeirri fræðslu sem þær hefðu hlotið á grunnskólagöngu sinni hafi verið ábótavant en einungis tvær stelpur af níu voru nokkuð ánægðar með þá fræðslu sem þær fengu á meðan öðrum fannst hún ýmist byrja of snemma, vera of yfirborðskennd eða neikvæð eða einblína of mikið á kynsjúkdóma. Einungis einn strákur sagðist hafa fengið góða kynfræðslu í grunnskóla á meðan hinir töldu ungmenni ekki fá næga fræðsla áður en þau byrjuðu að stunda kynlíf. Tveir töluðu um að hafa fengið fræðslu á miðstigi í grunnskóla sem annar þeirra sagði hafa verið mjög ábótavant á meðan hinir voru flestir sammála um

að hún hefði byrjað of seint, jafnvel ekki fyrr en í 10. bekk. Í því samhengi kom í ljós að strákunum þótti skortur á ákveðinni samfellu í kynfræðslunáminu. Það var því samhljómur meðal stelpna og stráka um að kynfræðsla í grunnskóla væri af skornum skammti en misjafnt var milli viðmælenda hvort hún var talin byrja of snemma eða of seint. Líkt og Birna sagði: ... *kannski bara of snemma, eða þú veist, það var bara talað um einhverja svona kynfræðslu bara þegar við vorum í 4. eða 5. bekk eða eitthvað og svo bara ekkert í eldri bekkjunum, allavega hjá mér [...]* þú veist maður var ekkert að pæla í þessu, fannst þetta bara svona ojj. Gunnar sagði einnig: ... *við fengum ekki [hik] svona fræðslu fyrr en bara í lok 10. bekkjar þegar ég var í grunnskóla sko.* Nokkuð bar á því að viðmælendur teldu fræðsluna hafa verið yfirborðskennda þar sem þau söknuðu þess að fá fræðslu um kynlífið sjálft. Líkt og Gunnar sagði: ... *þá var sagt manni að fara að kaupa smokk út í búð og koma með hann í skólann, sjá til þess að hvort þú gætir gert það og síðan var kennt okkur að setja hann á gúrku og síðan var þetta bara búíð sko [hlátur] þetta var ekkert meira en það sko.* Elfa var á svipuðum nótum og sagði: *Ég man einhvern tímunn eftir því að það vera eitthvað verið að sýna hvernig átti að setja smokk á eða eitthvað skilurðu en þú veist, það var aldrei neitt svona meira en það, það var aldrei neitt dýpra, þannig að þetta var aldrei um kynlíf sem slíkt.* Dísá sagði einnig: *Já, en það var samt ekkert talað kannski um kynlífið sjálft...* Stelpurnar sögðust þó flestar hafa fengið einhverja fræðslu um kynsjúkdóma og mörgum þótti mest einblínt á þann hluta í kynfræðslunni. Það bar hins vegar á mjög ólíkum upplifunum á milli viðtalanna tveggja hjá stelpunum þar sem öðrum hópnun þótti umfjöllunin um kynsjúkdóma ekki nógu ýtarleg og í raun gert of lítið úr þeim. Þannig sagði Dísá: *En samt var þú veist kynsjúkdómar, þetta var [þögn] eða þú veist stimplað of, kannski of lítið mál heldur en það er, eða þú veist [þögn] eða maður fékk aldrei svona, þetta gæti verið hættulegt ...* Birna lýsti því þannig að það hefði verið mikil umfjöllun um kynsjúkdóma en efnið ekki kynnt nógu vel heldur hafi þau í raun einungis verið vöruð við því að þau gætu fengið kynsjúkdóma. Þannig sagði Birna: *En ekki kannski um þú veist bara [hik] um kynsjúkdóma bara, ekkert um hvern og einn sko, bara að þú gætir fengið kynsjúkdóma ...* Anna lýsti upplifun sinni þannig: ... *ég fékk samt aldrei að heyra eins og að fá klamydíu þá geturðu orðið ófrjór [...]* og svo fer ég til læknis og hann segir já þú ert [hik] þú veist, greinilega búin að vera með klamydíu lengi, og þá bara svona [hik] þú gætir, þú veist [...] hefðir verið með þetta lengur þá hefðirðu getað orðið ófrjó, og þá bara svona, það sagði mér það enginn.

Hinn stelpuhópurinn virtist hafa upplifað fræðsluna á mun neikvæðari hátt en fyrri hópurinn og var sammála um að of mikið hafi verið einblínt á neikvæða hluti í kynfræðslunni og þá sérstaklega á kynsjúkdóma. Lína taldi slíka fræðslu geta leitt til ákveðinna fordóma í garð þeirra sem smitast af slíkum sjúkdómum. Þannig sagði Lína: *Sýndar ógeðslegar myndir af þessu til dæmis þannig að fólk tengir þetta við eitthvað ógeðslegt, þannig að manneskja sem er með slíkt er bara ógeðsleg.* Ein stelpa úr hinu viðtalinu sagðist hins vegar hafa fengið mjög ýtarlegan fyrirlestur um kynsjúkdóma sem hún taldi hafa haft jákvætt forvarnargildi og gert ungmennin meðvitaðri. Þannig sagði Birna: *Við fengum ógeðslegan fyrirlestur um þetta og þú veist, það voru bara svona grófustu myndirnar.* Rannsakandi spurði í kjölfarið hvort Birna teldi fyrirlesturinn hafa haft neikvæð eða jákvæð áhrif sem forvörn. Hún taldi áhrifin hafa verið jákvæð og sagði: *Já alveg klárlega sko, mér fannst þetta bara hræðilegur fyrirlestur, ég man ennþá eftir þessum myndum sko.* Því virðist annars vegar sem að ungmennum þyki fræðslan um kynsjúkdóma mikil en á sama tíma yfirborðsleg sem virðist skila sér í ákveðnu þekkingarleysi um afleiðingar kynsjúkdóma líkt og klamydíu. Hins vegar virðast sum þeirra upplifa fræðsluna sem mjög neikvæða og miðað við fyrri svör viðmælenda um litla notkun smokksins sem varnar hefur slík fræðsla ekkert endilega áhrif til hins betra. Það er því ákveðinn meðbyr með orðum Sölvínu Konráðs (1988) um að fræðsla byggð á hræðsluáróðri sé ýmist gagnslaus eða hvetji til þeirrar hegðunar sem reynt er að sporna gegn.

Í fyrrnefndri rannsóknar Kolbrúnar Gunnarsdóttur o.fl. (2008) sögðust ungmenni frekar hafa leitað eftir upplýsingum um kynlíf og mál því tengd hjá vinum eða á Internetinu í stað foreldra. Er það í samræmi við ummæli viðmælenda í þessari rannsókn en samkvæmt þeim leita ungmenni sér frekar upplýsinga um slík mál á Internetinu eða hjá vinum í stað þess að sækja í fræðslu frá foreldrum eða ráðgjafa innan skólakerfisins. Strákarnir voru almennt sammála um það að ungmenni leiti frekar upplýsinga á Internetinu í ljósi þess að margir þyrðu ekki að spyrja þeirra spurninga sem á þeim hvíldu, enda hefði fólk þar frið til að skoða hlutina í einrúmi. Líkt og Einar sagði: *... fara á Internetið frekar af því að [þögn] þar ertu einn, þar ertu ekki að tala við [hik] manneskju sem [þögn] er þá svona [hik] feimnismál.* Baldur sagði einnig: *Maður hérna [hik] leitast miklu frekar að svörum þar heldur en að fara að spyrja um það, einhvern annan sko ...* Stelpurnar töldu einnig að ungmenni leituðu sér frekar að upplýsingum á Internetinu. Líkt og Dísa sagði: *Frekar heldur en að kannski spyrja mömmu og pabba sko, eða þú veist, eða heldur en að spyrja, þetta byrjar örugglega á netinu [hik] að leita sér upplýsinga þar*

*sko*. Anna sagði stelpur einnig frekar leita til eldri vinkvenna sinna í stað foreldra eftir upplýsingum. Þannig sagði Anna: ... *yngrri vinkonur sem ég svona þekki til og þær hafa allar til dæmis komið til mín eða svona eldri vinkvenna sinna og spurt svona spurninga sem þær þorðu ekki að spyrja mömmu sína og pabba*. Af þessum ummælum að dæma virðist sem mörg ungmenni veigri sér við að ræða um kynlíf við foreldra sína.

Í nýlegri samanburðarrannsókn á högum ungmenna á Norðurlöndunum kom í ljós að áhorf á klám meðal 16–19 ára ungmenna er mest meðal íslenskra stráka þar sem 75% þeirra sögðust skoða klám einu sinni í viku eða oftar („Íslenskir unglingspiltar“, 2014). Þegar viðmælendur voru spurðir út í áhorf á klám og hvort þau teldu það hafa áhrif á hugmyndir ungmenna um kynlíf sögðu þau flest svo vera enda fengju ungmenni enga fræðslu um kynlífið sjálft. Líkt og Hjörtur sagði: *Sko strákar náttúrulega sjá bara klám, þeir sjá aldrei kynlíf, þeir vita ekkert í rauninni um kynlíf*. Anna sagði einnig: ... *halda bara þú veist, þetta er kynlíf og ég meina út af það er enginn annar að sýna þeim neitt eðlilegt kynlíf, ég þú veist, ég man ekki eftir að hafa fengið að sjá eitthvað kynlíf þegar ég var í grunnskóla í kynfræðslu fattarðu ...*. Samkvæmt þessum ummælum telja viðmælendur að þar sem ungmenni fá enga fræðslu um kynlífið sjálft leiti þau frekar á Internetið sem leiði til þess að þau fái ranga mynd af kynlífi.

#### 4 Samantekt

Ummæli viðmælenda í þessari rannsókn styðja þær niðurstöður HBSC sem greint er frá hér ofar að smokkanotkun meðal íslenskra ungmenna sé verulega ábótavant. Í öllum viðtölunum komu fram vísbendingar um að viðmælendur teldu notkun smokka ekki viðtekna venju meðal ungmenna. Strákarnir voru þó allir sammála um að kynbræður þeirra gengju með smokka á sér á meðan stelpurnar voru á öndverðum meiði og töldu ungmenni almennt ekki ganga með smokka á sér. Greina mátti í öllum viðtölunum vísbendingar um að til staðar sé ákveðin orðræða meðal stráka um að smokkar skemmi fyrir ánægju í kynlífi sem ýti undir að þeir vilji sleppa smokkum. Þannig töldu stelpurnar kynsystur sínar vera undir mikilli pressu frá strákum um að sleppa smokkum og sögðu þær stelpur gjarnan láta undan þeirri pressu. Helstu ástæðuna töldu þær vera þá að stelpur skorti kjark til að ýmist óska eftir notkun smokka að fyrri bragði eða neita strákum um að sleppa þeim. Þó kom fram hjá stelpum jafnt sem strákum að ungmenni hugsuðu ekki út í notkun smokka ef stelpan væru á pillunni. Þannig bar á almennu áhyggjuleysi varðandi kynsjúkdóma hjá báðum kynjum og virðist sem helstu áhyggjur ungmenna í kynlífi beinist að því að koma í veg fyrir þungun. Í því samhengi mátti greina skort á þekkingu

ungmenna á þeim afleiðingum sem kynsjúkdómar geta haft í för með sér, en það kom fram í öllum viðtölunum að ungmenni litu kynsjúkdóma, og þá sérstaklega klamydíu, lítt alvarlegum augum sökum auðveldrar meðferðar við sjúkdómnum.

Aðrar ástæður sem viðmælendur nefndu fyrir því að ungmenni sleppi því að nota smokka var verðið á þeim, en bæði kynin voru sammála um að það væri ekki á færi ungmenna að standa straum af þeim útgjöldum sem notkun smokka krefðist. Rannsakandi kannaði verð á smokkum og reyndist það mun hagstæðara en fram hafði komið í viðtali við strákana, sem töldu smokka kosta á bilinu 170–300 krónur stykkið. Samkvæmt hinni óformlegu könnun rannsakanda er meðalverð smokka hins vegar aðeins um 95 krónur stykkið, ef keyptur er kassi með 10 stykkjum. Áfengisneysla var einnig nefnd sem ástæða fyrir því að ungmenni sleppi smokknum og er það í samræmi við niðurstöður Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPAD um að fylgni sé á milli þess að vera undir áhrifum áfengis og sleppa smokknum í kynlífi (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Meirihluti viðmælenda var sammála um að sú kynfræðsla sem þau hefðu hlotið á grunnskólagöngu sinni hafi verið af skornum skammti og að þau hafi sérstaklega saknað fræðslu um kynlífið sjálft. Töldu þau takmarkaða fræðslu leiða til þess að ungmenni leiti enn frekar eftir upplýsingum á Internetinu og til eldri vana í stað foreldra eða ráðgjafa innan skólakerfisins. Þannig töldu þau ungmenni fá hugmyndir um kynlíf af áhorfi á klám sem gefi þeim rangar hugmyndir um kynlíf.

## 5 Umræður

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að öðlast dýpri skilning á því hvers vegna íslensk ungmenni velja að nota ekki smokk í meiri mæli en rannsóknir benda til? (Currie o.fl., 2012; Sigurlaug Hauksdóttir, 1997). Sú orðræða að smokkurinn skemmi fyrir ánægju í kynlífi hefur verið lífseig í gegnum tíðina (Robertson, 1990; Youseef, 1993). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á hversu lifandi sú orðræða er meðal íslenskra ungmenna þar sem sérstaklega strákar virðast hafa haft áhyggjur af spilltri kynlífsánægju með notkun smokksins (Bender og Kosunen, 2005; Sigurlaug Hauksdóttir, 1997). Það kom rannsakanda því ekki á óvart að það skyldi koma fram í þessari rannsókn að strákar virðast frekar en stelpur óska eftir því að sleppa smokknum í kynlífi sökum skertrar ánægju. Þrátt fyrir að það hafi verið vel þekkt í gegnum tíðina að fólk hafi kvartað undan skertri kynlífsánægju með notkun smokka (Robertson, 1990; Youseef, 1993) er vert að benda á að smokkar hafa breyst töluvert frá því að fólk á 16. öld prófaði sig áfram með handprjónaða smokka (Kristín Björk Jónsdóttir, 2013) eða smokka gerða úr lérefti með

saumum á hliðunum (Robertson, 1990). Ungmenni í dag og fólk fyrr á öldum hefur sannarlega ekki verið að kvarta undan sama hlutnum þó orðræðan virðist hafa haldist nokkuð óbreytt. Sífelld er unnið að því að gera smokka þynnri, þægilegri og ekki síst skemmtilegri. Í dag er t.d. hægt að fá smokka sem eru 0.036 mm á þykkt („Guinness staðfestir“, 2014) og það er hægt að kaupa litríka smokka, smokka með bragði (Sex.is, e.d.), smokka með allskyns áferðum og, síðast en ekki síst, sjálflýsandi smokka (Smokkur.is, 2014). Það má velta því fyrir sér hvort smokkar í dag séu í raun svo óþægilegir að þeir skemmi fyrir ánægju í kynlífi eða hvort að margra alda gömul samfélagsleg orðræða hafi áhrif á þessi viðhorf meðal ungmenna í garð smokka enn þann dag í dag? Meirihluti stelpnanna í þessari rannsókn gaf lítið út á þessi óþægindi við notkun smokka og töldu sumar þeirra að strákar gæfu sér fyrirfram að um mun væri að ræða. Sögðu þær suma stráka jafnvel ekki hafa prófað að stunda kynlíf með smokki þrátt fyrir að þeir segðu þá skemma fyrir í kynlífi. Þannig taldi meirihluti stelpnanna kynsystur sínar vera undir pressu frá strákum um að sleppa smokknum í kynlífi og sögðu þær stelpur gjarnan láta undan þeirri pressu.

Í svörum stelpnanna mátti finna vísbendingar um ákveðna tilhneigingu þeirra á meðal til að þóknast strákum í kynlífi, en svo virðist sem stelpur láti gjarnan undan vilja stráka um að sleppa smokknum þrátt fyrir að hafa ekki neina sérstaka trú á að hann skemmi fyrir ánægju þeirra af kynlífi. Í því samhengi langar rannsakanda að koma því á framfæri að í viðtali við strákana kom fram að þeir töldu kynbræður sína vera undir pressu um að taka stjórnina í kynlífi. Einnig kom fram í öðru viðtalinu við stelpur að þær töldu sumar kynsystur sína sækjast sérstaklega eftir slíkri stjórnun frá strákum. Rannsakandi gerir sér grein fyrir því að hér er komið nokkuð út fyrir meginumræðuefni þessa rits, en telur eftir sem áður rétt að benda á að hér eru augljós merki þess að kynin séu undir samfélagslegum áhrifum varðandi staðalmyndir kynjanna sem tiltaka að strákar skuli stjórna og stelpur láti undan vilja þeirra. Þetta er mikilvægt í allri umræðu um notkun varna gegn kynsjúkdómum, en þar er smokkurinn besti kosturinn. Í fyrirlestri sem var haldin á vegum innanríkis- og velferðarráðuneytanna sagði Gail Dines, prófessor í félags- og kynjafræði, sem hefur varið mörgum árum í að rannsaka áhrif klámiðnaðarins á kynímynd einstaklinga, að bæði strákar og stelpur væru undir samfélagslegum áhrifum frá fjölmiðlum og Internetinu þar sem stelpur lærðu varnarleysi og strákar árásargirni sem gæti skilaði sér í kynlífshegðun þeirra (Gail Dines, munnleg heimild, 16. október 2012). Vissulega bera viðtölin þess merki að stelpur séu undir pressu frá strákum en rannsakandi telur þörf á að koma einnig á framfæri þeim raunveruleika sem blasir við strákum hvað

kynlífshegðun ungmenna snertir. Því getur verið að óskir stráka um að sleppa smokknum í kynlífi sé jafn lærd hegðun og að stelpur skorti kjark til að óska eftir honum að fyrri bragði. Rannsakandi telur sérstaka ástæðu til þess að þetta sjónarhorn á kynlífshegðun ungmenna verði rannsakað enn frekar.

Viðmælendur í þessari rannsókn ræddu töluvert um skort á kynfræðslu og þá ekki síst skort á fræðslu um kynlífið sjálft. Í því samhengi töldu þau ungmenni leita í auknum mæli á Internetið til að leita svara við spurningum sínum er varða kynlíf og kynlífshegðun. Þannig kom skýrt fram að þau töldu ungmenni fá sína fyrstu mynd af kynlífi með áhorfi á klám. Rannsóknir hafa sýnt að sérstaklega strákar sækja töluvert í áhorf á klám og eiga íslenskir strákar nýlegt Norðurlandamet hvað það snertir, þar sem 75% þeirra sögðust horfa á klám hið minnsta einu sinni í viku („Íslenskir unglingspiltar“, 2014). Ef sú umræða er sett í samhengi við smokkanotkun, eða í raun skort á notkun þeirra meðal íslenskra ungmenna, sem voru í næstneðsta sæti á lista yfir smokkanotkun við síðustu samfarir meðal 15 ára evrópskra ungmenna 2010 (Currie o.fl., 2012), er vert að benda á að notkun smokka hefur aldrei haft neitt sérstaklega mikla fylgni við klám. Í janúar 2012 setti borgarstjórn Los Angeles lög um að leikarar í klámmyndum skyldu nota smokka við tökum á klámmyndum. Hafa þessi lög vakið mikla reiði innan klámiðnaðarins og í kjölfarið hafa sumir framleiðendur hótad að fara með framleiðsluna út fyrir fylkismörkin til að komast hjá því að fara eftir þeim. Söluaðilar kláms segja eftirspurn eftir smokkalausum klámi mikla enda eigi klám að uppfylla þær fantasíur sem hinn venjulegi maður geti ekki látið eftir sér í hinu almenna lífi (Weisman, 2012). Því telur rannsakandi ekki ólíklegt að til staðar sé ákveðin fylgni milli áhorfs á klám meðal íslenskra stráka og eftirsóknar þeirra í að sleppa smokknum í kynlífi.

Ein meginskýringin sem viðmælendur gáfu fyrir því að ungmenni ákveða að sleppa smokknum var hversu dýrir þeir væru en það verð sem strákarnir gáfu upp í viðtalinu var á bilinu 170–300 krónur stykkið. Jafnframt töluðu strákarnir um að það væri kominn tími til að lækka skatta á smokkum og að sú aðgerð myndi að öllum líkindum leiða til þess að fleiri ungmenni notuðu smokka. Það virðist því alveg hafa farið framhjá einhverjum hluta ungmennanna að það er í raun búið að lækka skatta af smokkum auk þess sem verð á þeim er töluvert lægra en það sem kom fram í viðtalinu. Rannsakandi kannaði verð á smokkum í aprílmánuði 2014, eða rúmum tveimur mánuðum eftir að viðtalið við strákana var tekið, og komst að því að sé keyptur kassi með 10 stykkjum kostar hver smokkur að meðaltali 95 krónur. Það vekur því athygli rannsakanda að ungmenni virðast ekki meðvituð um raunverulegt verð á smokkum sem bendir óneitanlega til þess að þau séu



ekki að kaupa þá. Niðurstöður rannsóknar Sóleyjar Bender og Elise Kosunen (2005) benti til þess að ungmenni, og þá sérstaklega stelpur, veigruðu sér við að kaupa smokka. Viðmælendur í þessari rannsókn tiltóku það aldrei sem ástæðu fyrir því að ungmenni notuðu þá ekki. Þvert á móti tók ein stelpa fram að nú á dögum væru smokkar til alls staðar og þar með væri auðvelt að finna verslanir þar sem þau þekktu ekki afgreiðslufólkið. Því myndu ungmenni ekki veigra sér við að kaupa smokka, þrátt fyrir að um yngri einstaklinga væri að ræða. Vissulega getur það reynst einhverjum ungmennum erfitt að kaupa smokka en samkvæmt viðmælendum í þessari rannsókn er það ekki ein af meginástæðum þess að ungmenni nota þá ekki.

Í aprílmánuði 2014 birti *Morgunblaðið* frétt undir heitinu „Höfum sett Evrópumet í klamydíu í meira en 10 ár“. Þar er fjallað um að Íslendingar hafi átt Evrópumet í greindum tilfellum klamydíu sl. 10 ár og þrátt fyrir að hin Norðurlöndin fylgi næst á eftir eigi þau töluvert í land með að nálgast Ísland (Anna Lilja Þórisdóttir, 2014). Í fréttinni er ekki fjallað sérstaklega um stöðu ungmenna hvað tíðni klamydíu varðar en niðurstöður rannsókna hafa bent til þess að tíðni greindra klamydíusmita meðal 15–19 ára íslenskra ungmenna sé hæst hér í samanburði við hin Norðurlöndin (Velferðarráðuneytið, 2011). Gögn Hagstofunnar benda ennfremur til þess að greindum tilfellum innan þessa aldursflokks hafi farið fjölgandi undanfarin ár (Hagstofan, 2013). Ákveðnu hámarki var náð 2009, en það er sama ár og ný greiningartæki voru tekin til notkunar á Landspítalanum og gæti það að hluta útskýrt fjölgun tilfella (Velferðarráðuneytið, 2011). Árin 2010 og 2011 lækkaði hlutfallið aftur en hélst þó enn töluvert hærra en árin fyrir 2009 (Hagstofan, 2013). Samkvæmt útreikningum rannsakanda verða um 40% af aukningu greindra tilfella ekki útskýrð með mannfjöldabreytingu. Hvort að ný greiningartæki geta útskýrt um 40% aukningu milli ára er ekki hægt að segja til um en líkt og kemur fram í frétt *Morgunblaðsins* er ekki síður vert að leita skýringa í kynhegðun íslenskra ungmenna (Anna Lilja Þórisdóttir, 2014).

Þrátt fyrir að rannsóknir bendi til þess að notkun hormónagetnaðarvarna sé hvað minnst meðal íslenskra kvenna í samanburði við hin Norðurlöndin (Velferðarráðuneytið, 2011) benda ummæli viðmælenda í þessari rannsókn eindregið til þess að íslensk ungmenni beri mikið traust til pillunnar sem varnar í kynlífi. Meirihluti beggja kynja var sammála um að ef stelpa væri á pillunni myndi ungmennum nóg að treysta á hana sem vörn. Ljóst var að meginmarkmið ungmenna með notkun varna í kynlífi er að koma í veg fyrir þungun á meðan þau virðast lítið leiða hugann að mögulegum kynsjúkdómasmitum. Er það í samræmi við tölfræðileg gögn sem benda til þess að á sama tíma og tíðni

klamydíu virðist hafa aukist (Velferðaráðuneytið, 2011) hefur dregið úr þungunum meðal íslenskra unglingsstúlkna síðustu ár (Anna Björg Aradóttir og Sigurður Guðmundsson, 2005; Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðarsdóttir, Alexander K. Smáráson og Gestur I. Pálsson, 2013) og fóstureyðingum einnig (Sigríður Haraldsdóttir, Jónína M. Guðnadóttir og Hildur Björk Sigbjörnsdóttir, 2013). Helst það jafnframt í hendur við niðurstöður HBSC á milli ára sem benda til að árið 2010 hafi 9 prósentustigum fleiri ungmenni í 10. bekk treyst á pilluna en árið 2006, á meðan 3 prósentustigum færri treystu á smokkinn. Því virðist óneitanlega flest benda til þess að ungmenni í dag treysti í auknum mæli einungis á notkun pillunnar í kynlífi. Rannsakanda þótti umræðan í öllum viðtölunum einkennast af ákveðnu áhyggjuleysi í garð kynsjúkdóma og þá einna helst klamydíu sökum þess að meðferð við sjúkdómnum þykir afar einföld. Getur sú umræða að mati rannsakanda varpað ákveðnu ljósi á mögulegar ástæður þess að Íslendingar eiga Evrópumet í greindum tilfellum klamydíu (Anna Lilja Þórisdóttir, 2014).

Til að bregðast við útbreiðslu alnæmis á níunda áratugnum var umræða um smokkinn á Íslandi í fyrsta sinn gerð opinber með forvarnarkerferð í formi auglýsinga. Deilt var um ágæti smokkakerferðarinnar þar sem sumir töldu hana hafa leitt til þess að fleiri notuðu smokka (Sveinn Guðjónsson, 1989) á meðan aðrir töldu hana hafa misst marks (Sölvína Konráðs, 1988). Árið 2011 þótti mörgum ógn af þeirri stöðu sem Íslendingar stóðu frammi fyrir hvað tíðni kynsjúkdóma, fóstureyðinga og ótímabærra þunganir varðaði og var tekin ákvörðun um að endurvekja smokkakerferðina frá '86 (Ísland í dag, 2010). Vissulega er erfitt að fullyrða um mögulegar afleiðingar kerferðarinnar 2011 en þau ungmenni sem tóku þátt í þessari rannsókn voru á þeim tíma um 15–19 ára gömul og ætti kerferðin varla að hafa farið framhjá þeim. Þrátt fyrir það virðast þau enga sérstaka virðingu bera fyrir smokkum og vera óhrædd við kynsjúkdóma, líkt og rakið hefur verið hér fyrir ofan.

Þær niðurstöður sem rannsakandi tíundar hér ofar eru varla nokkuð sem aldrei hefur heyrst. Það mikilvæga er þó að nú hafa raddir ungmenna í þessum málaflokkum fengið aukið vægi. Þær staðfesta að mörgu leyti þær áhyggjur sem oft hefur verið fjallað um opinberlega og hljóta að leiða til þess að einhverjir spyrja spurninga um hvað sé best að gera. Rannsakandi telur að gefa þurfi kynfræðslu aukið rými í skólakerfinu þar sem farið yrði í viðeigandi efni fyrir hvern aldur fyrir sig. Rannsakandi bindur þar með vonir við að hægt verði að fræða ungmenni í efstu bekkjum grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla enn frekar um athöfnina kynlíf og þar með reyna að sporna gegn því að þau leiti enn frekar á Internetið þar sem þau fá svör við spurningum sem þau aldrei þorðu

að spyrja. Orð Gail Dines um kynfræðslu ungmenna í gegnum áhorf á klám eru því við hæfi hér við lok þessarar rannsóknar:

*I am going to take you through the world of young people, and explain the kind of pornified society in which they grow up. And I am going to do that as a way to explore how we are going to deal with the fact that in the United States of America now we have a small group of men, the pornographers, who determine the sex education of the rest of the world. And the question I am going to ask you is, do you in Iceland want a handful of American men in the valley in Los Angeles to determine the sexuality of your boys and your girls and your men and your women? Because that is exactly what is happening now (Gail Dines, 2012 munnleg heimild, 16. október 2012).*

Að lokum langar rannsakanda að nefna að þegar hafist var handa við fræðilega úrvinnslu þessarar ritgerðar kom það verulega á óvart að ekki reyndist unnt að finna svör við því hvenær smokkar hafi borist til Íslands né hvenær sala þeirra hófst hér á landi. Eftir marga vikna leit að upplýsingum þar sem sendur var út fjöldi tölvupósta, hringd ófá símtöl og síðast en ekki síst leitað í bókum og á Internetinu varð niðurstaðan sú að upplýsingarnar væri ekki að finna á neinum aðgengilegum stöðum. Mögulegt gæti verið að finna einhver svör með því að leggjast í umfangsmikla leit í skjalasafni Landlæknisembættisins eða innflutningsaðila og bindur rannsakandi miklar vonir við að hafist verið handa við slíka vinna áður en mögulegar sagnfræðilegar heimildir um upphaf smokkanotkunar og -sölu hér á landi verða með öllu glataðar.

## Heimildaskrá

- Anna Björg Aradóttir og Sigurður Guðmundsson. (2005). Ótímabærar þunganir ungra stúlkna. Sótt 23. mars 2014 af <http://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item14783/Otimabaerar-thunganir-ungra-stulkna>
- Anna Lilja Þórisdóttir. (2014, 26. apríl). Höfum sett Evrópumet í klamydíu í meira en 10 ár. *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Ásta A. Pétursdóttir og Elvý G. Hreinsdóttir. (2011). „Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju“: Rannsókn á reynslu íslenskra unglingsstúlkna af því að byrja að stunda kynlíf í samhengi við stöðu kynjanna í samfélaginu almennt. Óbirt BA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri.
- Bender, S. og Kosunen, E. (2005). Teenage Contraceptive Use in Iceland: A Gender Perspective. *Public Health Nursing*, 22(1), 17–26.
- Bruyn, S. R. (1966). *The human perspective in sociology*. Englewood-Cliffs, NY: Prentice-Hall.
- Choi, M. (2005). The condom: Hidden in the back pocket of history. Í W. A. Whitelaw (ritsjóri), *The proceedings of the 14<sup>th</sup> annual history of medicine days* (bls. 169–173). Faculty of Medicine: The University of Calgary. Sótt 1. janúar 2014 af <http://www.ucalgary.ca/uofc/Others/HOM/Proceedings%202005.pdf#page=181>
- Condomjungle. (e.d.). Sótt 3. mars 2014 af <http://www.condomjungle.com/non-latex-condoms-review-and-frequently-asked-questions/>
- Currie, C., Zanotti, C., Morgan, A., Currie, D., Looze, D. M., Roberts, C., Samdal, O., Smith, R. F. og Barnekow, V. (2012). *Social determinants of health and well-being among young people. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: international report from the 2009/2010 survey*. Copenhagen: WHO Regional Office for Europe.
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2009). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Sótt 14. mars af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11263/Samskipti%20foreldra%20og%20barna%20um%20kynlif.pdf>
- Denzin, N. K. og Lincoln, Y. S. (ritstjórar). (2005). *The Sage handbook of qualitative research* (3. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Dilorio, C., Hockenberry-Eaton, M., Maibach, E. og Rivero, T. (1994). Focus groups: An interview method for nursing research, *Journal of Neuroscience Nursing*, 26(3), 175–180.
- Embætti landlæknis. (2011). Klamydía eftir aldri og kyni 1997–2011. Sótt 12. janúar 2014 af <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12514/Klamydia>

- Embætti landlæknis. (2012a). Nýgengi greininga með HIV smit og alnæmi og dánartala af völdum alnæmis á Íslandi miðað við 31. desember 2011. Sótt 4. febrúar af [http://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item15507/HIV/Alnami\\_31\\_12\\_2011](http://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item15507/HIV/Alnami_31_12_2011)
- Embætti landlæknis. (2012b). Smokkanotkun. Sótt 18. apríl 2014 af <http://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item15354/Smokkanotkun>
- Erla Hlynsdóttir. (2010). Kostar á fimmta þúsund að nota smokk daglega. Sótt 4. janúar 2014 af <http://www.visir.is/kostar-a-fimmata-thusund-ad-nota-smokk-daglega/article/2010900556800>
- Eyðniveiran: „Mesti óvinur mannkyns að undanskildum kjarnorkuvopnum“. (1986, 13. desember). *Morgunblaðið*, bls. 50.
- Festin, M. R. (2013). *Non-latex versus latex male condoms for contraception*. RHL The WHO reproductive health library; Geneva: World health organization. Sótt 18. febrúar af [http://apps.who.int/rhl/fertility/contraception/cd003550\\_festinm\\_com/en/](http://apps.who.int/rhl/fertility/contraception/cd003550_festinm_com/en/)
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 16/1978 um varnir gegn kynsjúkdómum. Þingskjal nr. 101 – 91. mál, lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.*
- Gibbs, A. (1997). Focus groups. Social Research Update, 19. Sótt 4. mars 2014 af <http://sru.soc.surrey.ac.uk/SRU19.html>
- Guðlaugur Bergmundsson. (1997, 5. febrúar). Blygðun á undanhaldi. *Helgarpósturinn*, bls. 40–41.
- Guðmundur Hannesson. (1920). *Samræðissjúkdómar og varnir gegn þeim: leiðbeiningar fyrir alþýðu, einkum farmenn*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Guinness staðfestir þynnstu smokka. (2014). Sótt 24. apríl af [http://www.spyr.is/grein/hronn/5413?customer\\_id=481](http://www.spyr.is/grein/hronn/5413?customer_id=481)
- Hagstofa Íslands. (2013). Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2013. Sótt 16. janúar 2014 af <http://www.hagstofa.is/Pages/622>
- Haraldur Briem, Sigurður B. Þorsteinsson, Sigurður Guðmundsson, Kristján Erlendsson og Arthur Löve. (1996). Faraldsfræði Alnæmis á Íslandi fyrstu 10 árin. *Læknablaðið*, 82(1), 21–31.
- Hibell, B., Guttormsson, U., Ahlström, S., Balakireva, O., Bjarnason, Þ., Kokkevi, A. og Kraus, L. (2012). *The 2011 ESPAD report. Substance Use Among Students in 36 European Countries*. Stockholm, Sweden: CAN and the Pompidou Group.

- Ísland í dag. (2010). Smokkar ekkert feimnismál. Sótt 23. febrúar 2014 af <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV58C32F8A-576F-4E01-8E12-DDF7BFB2FA39>
- Íslenskir unglingspiltar slá Norðurlandamet í klámáhorfi. (2014). Sótt 25. apríl 2014 af <http://212.30.226.20/section/MEDIA99&fileid=VTV5930A3BC-F8DB-426B-954C-869796293913>
- Fækkun fóstureyðinga og færri smitast af lekanda. (1989, 28. júní). *Tíminn*, bls. 3.
- Jóhannes Stefánsson. (2013). Ísland á Evrópumet í Klamydíu. Sótt 12. janúar 2014 af <http://www.visir.is/island-a-evropumet-i-klamydiu/article/2013707249937>
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). Fyrirlestur um ungt fólk og kynlíf í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Sótt 3. janúar 2014 af <http://kynstur.is/2009/09/22/fyrirlestur-um-ungt-folk-og-kynlif-a-fostudaginn/>
- Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni [rafræn útgáfa]. *Læknablaðið*, 94, 453–460. Sótt 14. júní 2013 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1394/PDF/f02.pdf>
- Kristín Björk Jónsdóttir. (2013). Þrjónaðir smokkar og heklaðar hettur. Sótt 2. febrúar 2014 af [http://student.is/frettir/prj%C3%B3na%C3%B0ir\\_smokkar\\_og\\_hekla%C3%B0ar\\_hettur](http://student.is/frettir/prj%C3%B3na%C3%B0ir_smokkar_og_hekla%C3%B0ar_hettur)
- Krueger, R. A. (1994). *Focus groups. A practical guide for applied research* (2. útg.). London: Sage.
- Lög um um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi nr. 38/1935*
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975*
- Lög um varnir gegn kynsjúkómum nr. 16/1923*
- Lög um varnir gegn kynsjúkómum nr. 91/1932*
- Lög um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 16/1978*
- Madriz, E. (2000). Focus group in feminist research. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *Handbook of qualitative research* (2. útg.). (bls. 835–850). London: Sage.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Sótt 4. mars 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Merleau-Ponty, M. (1964). *The primacy of perception* (Þýðandi: James Edie). Evanston, IL: North-western University Press.
- Morgan, D. L. (1998). *The focus group guidebook*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Ólafur Jensson. (1994). 1953–1993: Blóðbankinn 40 ára. *Læknablaðið*, 80(2), 81 – 90.
- Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðarsdóttir, Alexander K. Smáráson og Gestur I. Pálsson. (2013). *Skýrsla frá fæðingaskráningunni fyrir árið 2012*. Sótt 25. apríl 2014 af [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2216/Faedingaskraning\\_2012.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2216/Faedingaskraning_2012.pdf)
- Robertson, H. V. (1990). *An illustrated history of contraception*. England: The Parthenon publishing group limited. Sótt 24. febrúar 2014 af [http://bib.muvs.org/data/mvs\\_004053/An%20Illustrated%20History%20of%20Contraception\\_2.pdf](http://bib.muvs.org/data/mvs_004053/An%20Illustrated%20History%20of%20Contraception_2.pdf)
- Ronaldo, O. og Valdiserri, M. D. (1988, apríl). Cum hastis sic clypeatis: The turbulent history of the condom. *Bull N Y Acad Med.*, 64(3), 237–245. Sótt 5. janúar 2014 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1629326/>
- Rúmlega 70% einhleypra hafa ekki breytt sínum kynlífsvenjum. (1989, 19. febrúar). *Morgunblaðið*, bls 11.
- Sex.is. (e.d.) Sótt 14. apríl 2014 af [http://www.sex.is/index.php?route=product/product&product\\_id=415472](http://www.sex.is/index.php?route=product/product&product_id=415472)
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013a). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 239–250). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013b). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 281–298). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Haraldsdóttir, Jónína M. Guðnadóttir og Hildur Björk Sigbjörnsdóttir. (2013). Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar. *Talnabrunnur*, 7(6), 1–2. Sótt 26. apríl 2014 af [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item20537/Talnabrunnur\\_Juni\\_juli\\_2013.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item20537/Talnabrunnur_Juni_juli_2013.pdf)
- Sigurlaug Hauksdóttir. (1997, 12. desember). Börn og unglingar í heimi alnæmis. *Morgunblaðið*, bls. 58–59.

- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 229–238). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2013). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 393–402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smokkar of dýrir og ekki töff. (2012) Sótt 14. mars 2014 af <http://www.ruv.is/frett/smokkar-of-dyrir-og-ekki-toff>
- Smokkaverð sumstaðar lækkað. (2013). Sótt 16. febrúar 2014 af <http://www.ruv.is/frett/smokkaverd-sumstadar-laekkad>
- Smokkurinn eins og öryggisbelti. (2010). Sótt 12. mars 2014 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1344792/>
- Smokkur.is. (2014). Sótt 3. apríl 2014 af <http://smokkur.is/index.php?route=product/category&path=18>
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sóttvarnalög* nr. 19/1997
- Stewart, D. W. og Shamdasani, P. N. (1997). Focus group research. Í L. Bickman og D. J. Rog (ritstjórar), *Handbook of applied social research methods*. (bls. 505–526). London: Sage.
- Sveinn Guðjónsson. (1989, 19. febrúar). Aðferðir og árangur fræðsluherferðar gegn alnæmi? *Morgunblaðið*, bls. 10–11.
- Sölvína Konráðs. (1988, 11. október). Fjólubláar forvarnir. *Morgunblaðið*, bls. 22.
- Trææn, B., Lewin, B. og Sundet, J. M. (1992). Use of birth control pills and condoms among 17-19-years old adolescents in Norway: Contraceptive versus protective behaviour? *Aids care: Psychological and Socio-medical Aspect of AIDS/HIV*, 4(4), 371–380.
- U.S. food and drug administration. (2014). *Condoms and Sexually Transmitted Diseases*. Sótt 15. apríl 2014 af <http://www.fda.gov/forconsumers/byaudience/forpatientadvocates/hivandaidsactivities/ucm126372.htm#guar>
- Varnir gegn alnæmi: Einn karlmaður með einkenni alnæmis. (1985, 11. október). *Alþýðublaðið*, bls. 4.



Velferðarráðuneytið. (2011). Bætt heilbrigðisþjónusta og heilbrigði ungs fólks á aldrinum 14–23 ára. Sótt 24. janúar 2014 af [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item16227/Velferd-barna\\_04102011.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item16227/Velferd-barna_04102011.pdf)

Virðisaukaskattur á smökkum lækki í 7%. (2011). Sótt 15. janúar 2014 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/12/13/skattur\\_a\\_smokkum\\_laekki\\_i\\_7\\_prosent/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/12/13/skattur_a_smokkum_laekki_i_7_prosent/)

Þóroddur Bjarnason. 2009. *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga í alþjóðlegum samanburði, 1995 – 2007*. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.

Þóroddur Bjarnason, Ársæll Már Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir. (2010). *Fyrstu niðurstöður HBSC 2009–10*. Háskólinn á Akureyri.

Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema 2006: Landshlutaskýrsla*. Sótt 2. janúar 2014 af [http://www.hbsc.is/heilsaoglifskjor\\_skolanema\\_landshlutar\\_2006.pdf](http://www.hbsc.is/heilsaoglifskjor_skolanema_landshlutar_2006.pdf)

Weisman, A. (2012). Here's what porn stars say about a new law forcing them to use condoms. Sótt 14. apríl af <http://www.businessinsider.com/heres-what-porn-stars-say-about-a-new-law-forcing-them-to-use-condoms-2012-2?op=1#!J7GOK>

Youssef, H. (1993, apríl). The history of the condom. *Journal of the Royal Society of Medicine*, 86, 226–228. Sótt 18. janúar 2014 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1293956/pdf/jrsocmed00099-0056.pdf>